



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

NÝTT FANGELSI

HÓLMSHEIÐI Í REYKJAVÍK

HÖNNUNARSAMKEPPNI

SAMKEPPNISLÝSING

ÚTBOÐ NR 15152

Janúar 2012



FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

Verkkaupi:

Innanríkisráðuneytið.

Verkefnisstjóri:

Framkvæmdasýsla ríkisins.

Samstarfsaðili:

Arkitektafélag Íslands.

EFNISYFIRLIT.

1	ALMENN ATRIÐI.....	1
1.1	Ávarp ráðherra.	1
1.2	Verkkaupi.	1
1.3	Yfirlit yfir verkefnið.	2
1.4	Samkeppnisform.	2
1.5	Lykildagsetningar samkeppninnar.	3
1.6	Áherslur dómnefndar.	3
1.7	Verðlaun.	3
1.8	Tungumál samkeppninnar.	4
1.9	Höfundarréttur tillagna.	4
2	TILHÖGUN SAMKEPPNINNAR.	5
2.1	Pátttökuréttur.	5
2.2	Afhending samkeppnisgagna.	5
2.3	Forval.	5
2.4	Dómnefnd og ritari dómnefndar.	5
2.5	Trúnaðar- og umsjónarmaður og verkefnisstjóri.	6
2.6	Samkeppnisgögn.	6
2.7	Vettvangsskoðun – kynningarfundur.	7
2.8	Fyrirspurnir.	7
2.9	Samkeppnistillögur – innihald og skil.	8
2.10	Merking, afhending og skilafrestur.	9
2.11	Niðurstaða samkeppninnar.	9
2.12	Sýning.	10
2.13	Rýnifundur.	10
3	LÝSING VERKEFNIS.....	11
3.1	Markmið.	11
3.2	Skýringar á hugtökum.	12
3.3	Keppnissvæðið.	17
3.4	Lóð, aðkoma og nánasta umhverfi.	17
3.4.1	Lóð, umhverfi, umferð.	17
3.4.2	Deiliskipulag.	17
3.5	Náttúru- og veðurfar.	17
3.6	Jarðvegsaðstæður.	18
3.7	Verkefnislýsing.	18
3.7.1	Almennt.	18
3.7.2	Ytri umgjörð.	19

3.7.3	Byggingar.....	20
3.7.4	Starfsemislýsing.....	26
3.8	Húsrýmisáætlun.....	32
3.8.1	Brúttó- og nettóstærðir, rýmistafla.....	32
3.8.2	Rýmistafla.....	32
3.9	Gerð og gæði byggingar.....	35
3.9.1	Almennt.....	35
3.9.2	Umhverfisstefna.....	35
3.9.3	Umhverfisevntun.....	36
3.9.4	Aðgengi fyrir alla.....	37
3.9.5	Listskreyting.....	37
3.9.6	Hönnun lóðar.....	37
3.10	Kostnaðarviðmið.....	38
4	VERK Í KJÖLFAR SAMKEPPNI.....	39
4.1	Hönnunar- og framkvæmdatími.....	39
4.2	Hagnýting keppnistillagna.....	39
4.3	Póknun hönnuða, samningur.....	39
4.4	Trygging hönnuða.....	39
5	SAMÞYKKI SAMKEPPNISLÝSINGAR.....	40
6	UMSÖGN ARKITEKTAFÉLAGS ÍSLANDS.....	42

1 ALMENN ATRIÐI.

1.1 Ávarp ráðherra.

Bygging nýs fangelsis á Hólmsheiði mun marka tímamót í sögu fangelsismála á Íslandi. Síðasta sérsmíðaða fangelsið á Íslandi, Hegningarhúsið við Skólavörðustíg var reist og tekið í gagnið árið 1875, fyrir tæplega 140 árum síðan. Fangelsið á Litla Hrauni var upphaflega byggt sem Sjúkrahús Suðurlands en hætt var við þau áform. Landsstjórnin keypti bygginguna árið 1929 og breytti í fangelsi eða "letigarð fyrir slæpingja og landshornamenn" eins og lesa má um í þingskjölum þess tíma.

Í ríflega hálfa öld hefur staðið til að byggja nýtt fangelsi á höfuðborgarsvæðinu en um 1960 var Valdimar Stefánssyni sakadómara falið að gera tillögur að nýju fangelsi við Úlfarsá en þau áform dögðu uppi. Síðan hefur saga fangelsisbyggingamála verið langdregin og einkennst af skýrslugerð, úttektum, athugunum og umræðum um ákjósanlega staðsetningu.

Staða fangelsismála á Íslandi hefur meðal annars verið gagnrýnd í skýrslu Sameinuðu Þjóðanna um stöðu mannréttindamála á Íslandi en þar er nefnt að elstu fangelsi okkar standist ekki nútímakröfur, biðlisti eftir fangelsisvist sé of langur og að ekki sé hugað nógu vel að stöðu kvenfanga og ungra afbrotamanna innan fangelsiskerfisins. Á ríkisstjórnarfund 23. ágúst 2011 var samþykkt að minni tillögu að gera endurbætur í fangelsismálum og efna í því skyni til opinnar hugmyndasamkeppni um byggingu nýs fangelsis á Hólmsheiði í Reykjavík. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir geti hafist á seinni hluta árs 2012, að fangelsið verði tekið í notkun 2014 og á sama tíma verði lögð niður starfsemi í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg og í Kópavogsfangelsi.

Fangelsun fólks er ekki einfalt mál og líklega eitt mesta inngríp í líf fólks sem stjórnvald framkvæmir í þvingunarskyni. Að lokinni refsingu snýr fangi aftur út í samfélagið og því er þjóðfélagslega hagkvæmt að draga úr líkum á endurkomu hans í fangelsið vegna nýrra afbrota. Það er mín skoðun að tryggja verði föngum örugga og vel skipulagða afplánun, að mannleg og virðingarverð samskipti verði höfð í fyrirrúmi og að skapað verði umhverfi sem hvetur fanga til að takast á við vandamál sín. Um leið og ég óska þátttakendum öllum góðs gengis vonast ég til að úr hönnunarsamkeppni þessari komi lausn sem sé í senn hagkvæm, örugg og vistvæn þar sem mannleg virðing og aðstæður séu í takt við þau markmið sem stefnt er að.

Ögmundur Jónasson, innanríkisráðherra

1.2 Verkkaupi.

Innanríkisráðuneytið, verkkaupi verkefnisins, býður til opinnar hönnunarsamkeppni um byggingu nýs fangelsis á Hólmsheiði í Reykjavík.

Ráðuneytið hefur falið Framkvæmdasýslu ríkisins að hafa umsjón með samkeppninni fyrir sína hönd.

1.3 Yfirlit yfir verkefnið.

Fyrirhugað er að reisa nýtt gæsluvarðhalds- og móttökufangelsi með deild fyrir kvenfanga, aðstöðu fyrir afplánun skemmri fangelsisrefsinga og vararefsinga á Hólmsheiði í Reykjavík. Fangelsisbyggingin verður með 56 fangarýmum.

Nýja fangelsið á að leysa af hólmi Hegningarhúsið við Skólavörðustíg og fangelsið í Kópavogi sem bæði verða lögð niður. Einnig verður gæsluvarðhaldsdeild í fangelsinu Litla Hrauni lögð niður (6 klefar) og aðstaðan þar tekin fyrir afplánun.

Bygginguna skal hanna í samræmi við þá stefnu Fangelsismálastofnunar að föngum verði tryggð örugg og vel skipulögð afplánun, að mannleg og virðingarverð samskipti verði höfð í fyrirrúmi og að fyrir hendi verði aðstæður og umhverfi sem hvetur fanga til að takast á við vandamál sín.

Einnig skal hanna bygginguna með vistvænar lausnir að leiðarljósi og eru keppendur hvattir til að kynna sér rit Framkvæmdasýslu ríkisins um vistvænar byggingar (fylgiskjal F). Á hönnunarstigi (að samkeppni lokinni) mun byggingin fara í gegnum alþjóðlegt vottunarferli fyrir umhverfisvæna hönnun. Huga skal að stefnu sem fram kemur í ritinu Menningarstefna í mannvirkjagerð, Stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist (fylgiskjal G).

Markmið verkkaupa með verkefninu er:

- Að bæta skilyrði til afplánunar fangelsisrefsinga. Jafnframt mun fangarýmum verða fjölgað þannig að áætluðum framtíðarþörfum verði fullnægt þegar tekið hefur verið tillit til aukinna annarra úrræða en afplánunar í fangelsum.
- Að lækka rekstrarkostnað á hvert fangarými.

Brúttóflatarmál fangelsins verður að hámarki 3.700 m².

Að lokinni samkeppni myndar vinningshafi hönnunarteymi um tillöguna með þeim hönnuðum sem að verkinu koma t.d. arkitektum, verkfræðingum, landslagsarkitektum og öðrum aðilum sem þarf til að mynda heildstætt hönnunarteymi.

1.4 Samkeppnisform.

Samkeppnin fer fram í samræmi við samkeppnislýsingu þessa og byggir á ritinu *Leiðbeiningar um hönnunarsamkeppni*, 20.12.2011. Um samkeppni þessa gilda lög nr. 84/2007 um opinber innkaup.

Samkeppnin er almenn framkvæmdasamkeppni, opin öllum sem uppfylla skilyrði verkkaupa og samkeppnislýsingar samanber kafla 2.1 Þátttökuréttur.

Dómnefnd mun vísa frá tillögum sem:

- Ekki er skilað inn á tilsettum tíma.
- Ekki fullnægja kröfu um nafnleynd.
- Ekki uppfylla kröfur samkeppnislýsingar (skv. greinum 2.9 Innihald og skil, og 2.10 Merking, afhending og skilafrestur.)

Um greiðslur og verðlaunafé er fjallað í kafla 1.7 Verðlaun. Um hagnýtingu verðlaunatillagna er fjallað í „4.2 Hagnýting keppnistillagna“

1.5 Lykildagsetningar samkeppninnar.

Samkeppnisgögn afhent	9. janúar 2012.
Skilafrestur fyrirspurna nr. 1	30. janúar 2012.
Lokasvör við fyrirspurnum nr. 1	6. febrúar 2012.
Skilafrestur fyrirspurna nr. 2	26. mars 2012.
Lokasvör við fyrirspurnum nr. 2	2. apríl 2012.
Skilafrestur tillagna	fyrir kl. 16.00 16. apríl 2012.

Stefnt er að því að niðurstaða dómnefndar liggi fyrir: 4. júní 2012.

Hönnunarsamkeppni þessi var auglýst á evrópska efnahagssvæðinu 5. janúar 2012.

1.6 Áherslur dómnefndar.

Dómnefnd metur tillögur sem berast í samkeppnina með hliðsjón af fyrirliggjandi samkeppnislýsingu og gögnum sem þar er vísað til.

Dómnefnd leggur megin áherslu á eftirfarandi atriði við mat á úrlausnum:

- Heildarlausn mannvirkisins og umhverfismótun skili vandaðri og góðri byggingarlist, þannig að heildaryfirbragð, form og efnisval hæfi starfseminni og falli vel að umhverfinu.
- Að innra skipulag og innbyrðis tengsl mannvirkisins uppfylli sem best þarfir og kröfur verkefnislýsingar, stuðli að manneskjulegu umhverfi, hámarksöryggi fanga og góðum aðbúnaði starfsmanna.
- Skipulag og fyrirkomulag sem leiðir til þess að fangelsið verður hagkvæmt í rekstri m.a. varðandi starfsmannahald.
- Að sveigjanleiki sé í skipulagi og notkun fangadeilda í samræmi við breytilegar þarfir hverju sinni.
- Fyrirkomulag á lóð, útfærslu útisvæða og aðlögun mannvirkis að umhverfi sínu.

Ofangreindum atriðum er ekki raðað í vægisröð.

Dómnefnd mun í niðurstöðum sínum fjalla almennt um allar innkomnar tillögur, þar sem tekið verður á mismunandi lausnum höfunda. Þar verða mismunandi einkenni tillagna dregin fram og afstaða dómnefndar til þeirra birt. Dómnefnd gefur umsögn um allar innsendar tillögur. Sjá einnig grein „4.2 Hagnýting keppnistillagna“.

Niðurstöður dómnefndar verða gefnar út á vefsíðu Ríkiskaupa www.rikiskaup.is, á vefsíðu Framkvæmdasýslu ríkisins <http://www.fsr.is>, á vefsíðu innanríkisráðuneytisins www.irr.is og vef Fangelsismálastofnunar, www.fangelsi.is.

1.7 Verðlaun.

Veitt verða verðlaun að heildarfjárhæð kr. 10.000.000 án vsk, þar af verða 1. verðlaun að lágmarki 5.000.000 án vsk, 2. verðlaun að lágmarki 2.000.000 án vsk og 3. verðlaun að lágmarki 1.000.000 án vsk.

Komi í ljós eftir að nafnleynd hefur verið rofin að keppandi hafi ekki átt rétt til þátttöku í samkeppninni, m.a. þar sem hann hafi ekki uppfyllt skilyrði til þátttöku samkvæmt grein 2.1 eða ekki vakið athygli á tengslum við dómnefndarmann skal verkefnisstjóri svipta hlutaðeigandi verðlaunum. Skulu þá næstu keppendur færðir upp um sæti. Áður en til verðlaunasviptingar kemur skal verkefnisstjóri gefa viðkomandi keppanda kost á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

Verkkaupi hyggst nýta sér niðurstöðu samkeppninnar, sjá kafla „4 Verk í kjölfar samkeppni“.

1.8 Tungumál samkeppninnar.

Tungumál samkeppninnar er íslenska og sama á við um verkefnið sjálft að lokinni samkeppni. Öll gögn keppenda svo sem greinargerð og útskýringar skulu vera á íslensku. Svör við fyrirspurnum verða á íslensku.

1.9 Höfundarréttur tillagna.

Varðandi höfundarrétt tillagna vísast í ritið „Leiðbeiningar um hönnunarsamkeppni“, grein „3.3.4 Höfundarréttur tillagna“.

2 TILHÖGUN SAMKEPPNINNAR.

2.1 Þátttökuréttur.

Þátttaka í samkeppninni er öllum heimil að undanskildum eftirfarandi aðilum hafi þeir eftirfarandi tengsl við einn eða fleiri aðila í dómnefnd:

- Reka ráðgjafabjónustu eða aðra atvinnustarfsemi með aðila í dómnefnd.
- Er tengdur aðila í dómnefnd eða tilgreindum sérfræðingi dómnefndar (sbr. 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993).
- Vinnur að verkefni með aðila í dómnefnd, svo sem í samstarfshópi fleiri ráðgjafa, sem vinna sameiginlega fyrir einn og sama aðilann í öðru verkefni.
- Hefur á síðustu 6 mánuðum, frá því að samkeppni var auglýst, unnið að verkefni með aðila í dómnefnd, eins og lýst er í staflíð c).

Þá hafa þeir sem tóku þátt í undirbúningi samkeppninnar eða hafa komið að undirbúningi verkefnisins á fyrri stigum og þegið laun fyrir ekki þátttökurétt.

Þar sem nafnleynd er viðhöfð í samkeppninni bera þátttakendur sjálfir ábyrgð á að gæta að því að ekki séu þau tengsl við dómnefnd sem geta haft áhrif á þátttökurétt viðkomandi þátttakanda og þar með hæfi áðurnefndra aðila. Þátttakandi sem telur að fyrir hendi séu þau tengsl sem kveðið er á um skal tilkynna trúnaðar- og umsjónarmanni samkeppninnar um það skriflega. Verkefnisstjóri samkeppninnar tekur ákvörðun um það innan 10 daga hvort viðkomandi dómnefndarmaður vikur sæti eða gerðar aðrar viðeigandi ráðstafanir.

2.2 Afhending samkeppnisgagna.

Samkeppnislýsing þessi verður birt á vefsíðu Ríkiskaupa: <http://rikiskaup.is>, [útboðsnúmer 15152](#), frá og með þeim tíma sem fram kemur í kafla „1.5 Lykildagsetningar samkeppninnar“.

Samkeppnislýsing er öllum opin. Til að fá aðgengi að ítgögnum þurfa þátttakendur að skrá sig á vef Ríkiskaupa <http://rikiskaup.is>, [útboðsnúmer 15152](#). Þegar þátttakandi hefur skráð sig á vef Ríkiskaupa fær viðkomandi senda staðfestingu í tölvupósti. Í kjölfarið getur þátttakandi hlaðið niður ítgögnum af vefnum. Ítgögn verður einnig hægt að nálgast, gegn framvísun staðfestingar á þátttöku og 3.500 kr. greiðslu, á skrifstofu Ríkiskaupa Borgartúni 7C, 105 Reykjavík. Skrifstofan er opin virka daga frá kl. 9:00 - 15:00.

Ítgögn eru tilgreind í kafla 2.6 Samkeppnisgögn. Þau er eingöngu hægt að nálgast á vefsíðu eða skrifstofu Ríkiskaupa.

Tengil inn á gögnin má einnig finna á vef Arkitektafélags Íslands, <http://ai.is>, og á vef Framkvæmdasýslu ríkisins, <http://fsr.is>.

2.3 Forval.

Í þessari samkeppni er ekki um forval að ræða.

2.4 Dómnefnd og ritari dómnefndar.

Verkkaupi hefur skipað eftirtalda aðila í dómnefnd:

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, sérfræðingur í innanríkisráðuneyti, formaður dómnefndar.

Páll E. Winkel, Fangelsismálastjóri

Pétur Örn Björnsson, arkitekt FAÍ.

Tilnefndir af Arkitektafélagi Íslands:

Gylfi Guðjónsson, arkitekt FAÍ.

Hildur Gunnarsdóttir, arkitekt FAÍ.

Ritari dómnefndar :

Örn Baldursson, verkefnastjóri/arkitekt FAÍ Framkvæmdasýslu ríkisins.

Dómnefnd er heimilt, í samráði við verkkaupa að kalla sérfræðinga sér til ráðgjafar á hvaða sviði sem er. Sérfræðingar dómnefndar mega hvorki eiga þátt í neinni tillögu, né hafa hagsmunatengsl við neinn tillöguhöfunda. Viðfangsefni sérfræðinga er eingöngu á þeirra sérsviði og koma þeir ekki að annarri umfjöllun dómnefndar og dæma ekki tillögurnar. Sérfræðingur er kallaður til í samráði við trúnaðar- og umsjónarmann. Sjá einnig grein „3.2.4 Dómnefndarstörf“ í ritinu Leiðbeiningar um hönnunarsamkeppni, 20.12.2011.

Dómnefnd hefur ákveðið eftirtalda sérfræðinga sér til ráðgjafar.

Stefán P. Eggertsson, verkfræðingur.

Halldór V. Pálsson, sérfræðingur, Fangelsismálastofnun.

Einar Andrésson, formaður Fangavarðafélag Íslands.

Anna Kristín Newton, sálfræðingur.

Guðmundur Gíslason, forstöðumaður fangelsanna á höfuðborgarsvæðinu.

Gislína Guðmundsdóttir, Framkvæmdasýsla ríkisins, stærðar- og kostnaðarmat tillagna.

2.5 Trúnaðar- og umsjónarmaður og verkefnisstjóri.

Trúnaðar- og umsjónarmaður samkeppninnar er:

Gísli Þór Gíslason verkefnisstjóri

Ríkiskaup, Borgartúni 7c, 105 Reykjavík

Sími: 530 1400 / Fax: 530 1414

Netfang: gisli15152@rikiskaup.is

Honum til ráðgjafar er Haraldur Helgason, arkitekt FAÍ.

Verkefnisstjóri samkeppnisferilsins á vegum Framkvæmdasýslu ríkisins er:

Örn Baldursson, verkefnastjóri/arkitekt FAÍ.

2.6 Samkeppnisgögn.

Eftirtalin eru samkeppnisgögn þessarar samkeppni. Ítargögn eru öll önnur gögn en samkeppnislýsing:

- Samkeppnislýsing

Ítargögn, sem aðgengileg verða á vefsíðu Ríkiskaupa, <http://rikiskaup.is>, eða á geisladiski gegn gjaldi, sjá grein „2.2 Afhending samkeppnisgagna“, eru:

- Kortagrunnar. Grunnkort og deiliskipulag á dwg, dxf, dgn og vwx og pdf formi. Kjósi keppandi að nota annað skráarform þarf hann að hafa samband við umsjónar- og trúnaðarmann. Hnit (texti) á mæliblaði vísa í hnitalista í kerfi Reykjavíkurborgar.
 - Hæðarlínur
 - Mæliblað 5.864.1
 - Hæðarblað, Fangelsi á Hólmsheiði við Nesjavallaleið

- Fangelsi við Nesjavallaveg , deiliskipulag
 - Hæðarpunktur
- Loftmynd.
- Leiðbeiningar um hönnunarsamkeppni, 20.12.2011 (fylgiskjal A).
 - Hér eftir nefnt Leiðbeiningar um hönnunarsamkeppni
- Aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024 (fylgiskjal B).
- Rýmistafla á excel formi (fylgiskjal C).
- Leiðbeiningarit um kaup á ráðgjöf (fylgiskjal D).
- Veðurfarsgögn (fylgiskjal E).
- Rit Framkvæmdasýslu ríkisins um vistvænar byggingar (fylgiskjal F).
- Ritið Menningarstefna í mannvirkjagerð, Stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist (fylgiskjal G).
- Rit Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands „Aðgengi fyrir alla, Handbók um umhverfi og byggingar“ (fylgiskjal H).
- „Nyt fængsel Holmsheidi, Island, Dispositionsforslag, oktober 2010, Alex Poulsen Arkitekter“ (fylgiskjal I). Verkkaupi hefur látið vinna frumuppdrætti sem fylgja samkeppnisgögnum til fróðleiks. Líta má á þessa frumuppdrætti sem mikið útfært tengslarit, en útfærslunni er ekki að öðru leyti ætlað að binda keppendur. Frumuppdrættir eru ómálsettir og stærð einstakra rýma, mæld af uppdrætti, getur vikið frá nettóflatarmáli samkvæmt húsrýmisáætlun.
- „Nýtt fangelsi, Frumathugun, 29. september 2009 (fylgiskjal J).
- „Byggingaráætlun“ Verkefnis- og kröfulýsing vegna nýs fangelsis á Hólmsheiði (fylgiskjal K).
- Kröfulistí vottunar, UK BREEAM Prison (Fylgiskjal L).

Sjá einnig grein „2.2 Afhending samkeppnisgagna“.

2.7 Vettvangsskoðun – kynningarfundur.

Ekki verður boðað til vettvangsskoðunar né kynningarfundar um verkefnið, en þátttakendur eru hvattir til að kynna sér aðstæður á lóðinni og nágrenni. Staðsetning lóðarinnar kemur fram í ítagögnum en auk þess eru horn lóðarinnar auðkennd með stikum þ.a. þátttakendur geti áttáð sig á stærð og staðsetningu.

2.8 Fyrirspurnir.

Fyrirspurnir skal senda skriflega með netpósti beint til trúnaðar-og umsjónarmanns á netfangið gisli15152@rikiskaup.is. Um er að ræða tvo formlega fyrirspurnartíma eins og fram kemur í grein 1.5. Trúnaðar- og umsjónarmaður tekur við fyrirspurnum, afmáir einkenni og sendir til verkefnisstjóra samkeppninnar hjá FSR. Hann flokkar þær og sendir fyrirspurnir sem varða kafla „3 Lýsing verkefnis“, til dómnefndar en aflar svara varðandi aðrar fyrirspurnir. Vakin er athygli á því að allar fyrirspurnir og svör við þeim verða eingöngu birtar á vef Ríkiskaupa <http://rikiskaup.is>, útboðsnúmer 15152. Svör verða ekki send í tölvupósti til keppenda. Svör við fyrirspurnum úr köflum 1,2 og 4, verða birtar við fyrsta hentugleika en við kafla 3 skv. uppgefnum dagsetningum í grein „1.5 – Lykildagsetningar samkeppninnar“.

Áhersla er lögð á að þátttakendur noti fyrri fyrirspurnartímann. Þátttakendur eru hvattir til að fylgjast reglulega með vefnum. Sjá einnig kafla „3.2.2 Fyrirspurnir“ í ritinu Leiðbeiningar um hönnunarsamkeppni.

2.9 Samkeppnistillögur – innihald og skil.

Þátttakendur skulu skila útprentuðum gögnum, og gögnum á geisladiski til trúnaðar- og umsjónarmanns hjá Ríkiskaupum. Óskað er eftir öllum gögnum á geisladiski eða minnislykli og skulu þau vera á pdf-formi auk rýmistöflu á excel formi. Óskað er eftir tveimur eintökum af umræddum geisladiski eða minnislykli. Þátttakendur skulu afmá öll rekjanleg persónueinkenni af gögnum á geisladiski.

Skila skal eftirfarandi gögnum:

TEIKNINGAR:

- Afstöðumynd (með norður upp) í mkv. 1:500, sem sýnir mannvirki á lóð og lóðarhönnun, næsta nágrenni, göngu- og vegatengingar.
- Grunnmynd, sneiðmyndir og útlit í mælikvarðanum 1:200.
- Skýringarmyndir að vali höfunda.
- Nánari teikning af dæmigerðri fangaklefaeiningu í mælikvarðanum 1:20.

Tillöguarkir (teikningar) skulu vera í stærð A1 (594 x 841 mm) prentaðar út á ógegnsæjan pappír og upplímdar á hörð spjöld. Allur texti skal ritaður á vélrænan hátt.

Tillöguarkir, A1, skulu að hámarki vera 4.

Þátttakendur skulu gera grein fyrir upphengingu í hægra horni að neðan.

Lagt er til að tillöguarkir, A1, verði láréttar (landscape), 2 fyrir ofan og 2 fyrir neðan.

Tillöguarkir, A1, skulu einnig vera í pdf-formi á geisladiski.

Líkön og önnur gögn, sem ekki er beðið um í keppnislýsingu, verða ekki lögð fyrir dómnefnd. Tillöguarkir í ramma eða gleri verða ekki lagðar fyrir dómnefnd.

GREINARGERÐ:

Í greinargerð (að hámarki 1000 orð) með tillögu skal koma fram:

- Lýsing á megininntaki tillögunnar, helstu forsendum, markmiðum og áherslum keppenda.
- Lýsing á landmótun, útirýmum, burðarfræðilegri uppbyggingu mannvirkis, frágangi og efnisvali utanhúss, innra skipulagi og helstu stærðum. Þar skal gerð grein fyrir þeim atriðum sem dómnefnd leggur áherslu á samanber grein „1.6 Áherslur dómnefndar“ og grein „3.1 Markmið“ auk annarra atriða sem keppendur vilja gera grein fyrir.
- Ekki er gerð krafa til keppenda um að greina frá frágangi og efnisvali innanhúss þar sem við endanlega útfærslu skal í einu og öllu fara eftir kröfum Fangelsismálastofnunar varðandi frágang og efnisval innanhúss.
- Rýmistöflu keppenda skal birta með greinargerð.
- Greinargerð skal birta í heild sinni á tillöguörkum, A1.

Greinargerðinni skal skila í 7 eintökum í arkarstærðinni A4.

Greinargerð skal einnig skila á pdf-formi á geisladiski.

Birta skal smækkuð afrit allra uppdrátta í greinargerð í A3 (brotnu).

RÝMISTAFLA:

Rýmistöflu er að finna í grein „3.8.2 Rýmistafla“. Auk þess er hún á excel formi í ítargögnum í fylgiskjali C. Rýmistaflan er leiðbeinandi (sjá nánar skýringar í grein 3.8.1). Keppendum ber að skila rýmistöflu með tillögum sínum og er mælt til þess að fyrrgreind rýmistafla verði notuð. Rýmistöflur fyrir einstök rými skulu vera nettóstærðir. Ennfremur skal tilgreina brúttóstærð (heildarstærð) byggingarinnar.

2.10 Merking, afhending og skilafrestur.

MERKING GAGNA:

Gögn skal **merkja** sem hér segir:

- Auðkenna skal öll tillögugögn með fimm stafa tölu, að vali keppenda.
 - Í 2x5 sm stóran reit í hægra horni, að neðan, hverrar tillöguarkar.
 - Í haus greinargerðar eða neðanmáls.
 - Á geisladisk.
 - Á umslag með nafnmiða.
 - Á önnur gögn ef við á.
- Ógagnsætt umslag, merkt orðinu „Nafnmiði“ skal fylgja tillögunni. Í umslaginu skulu vera nöfn, heimilisföng og símanúmer keppenda.
- Allar umbúðir skal merkja með auðkennitölunni.
- Þess skal gætt sérstaklega að ekki komi fram neinar upplýsingar um tillöguhöfund á gögnum sem sett eru á geisladisk eða minnislykil..

AFHENDING GAGNA:

Gögn skal **afhenda** sem hér segir:

- Tillöguörkum skal skilað innþökkuðum í ógegnsæjar umbúðir og skulu ekki önnur gögn vera í þeim umbúðum.
- Greinargerð í 7 eintökum ásamt geisladiski eða minnislykli skal skilað í ógegnsæjum umbúðum.
- Nafnmiða skal skila í sérstöku umslagi.

SKILAFRESTUR TILLAGNA:

Tillögum skal **skila** sem hér segir:

- Skila skal tillögum til trúnaðar- og umsjónarmanns hjá Ríkiskaupum, Borgartúni 7C, Reykjavík í síðasta lagi á þeim tíma og þeim degi sem fram kemur í grein „1.5 Lykildagsetningar samkeppninnar“. Við afhendingu tillagna fær keppandi kvittun merktu auðkennitölunni. Þeir sem óska eftir að skila tillögum fyrir þann tíma skulu hafa samráð við trúnaðar- og umsjónarmann.
- Þeim þátttakendum, sem ekki geta afhent tillögu á þeim stað og tíma sem sett er fram í grein „1.5 Lykildagsetningar samkeppninnar“, er heimilt að koma tillögum sínum í póst eða flugafgreiðslu fyrir lok skilafrestsins. Þátttakandi skal í framhaldi af því og fyrir lok skilafrests senda vottorð um afhendingu gagnanna, frá hlutaðeigandi afgreiðslumanni, til trúnaðar- og umsjónarmanns í tölvupósti eða símbréfi/-skeyti eða með öðrum sannanlegum hætti. ATH þátttakandi skal fylgjast með að staðfesting berist frá trúnaðar- og umsjónarmanni um að tölvupóstur eða símbréf/-skeyti hafi borist.
 - Í vottorðinu skal koma fram auðkennistala tillögunnar.
 - Póstsendar tillögur skal merkja trúnaðar- og umsjónarmanni samkeppninnar. Tillögum, sem sendar eru inn með framangreindum hætti verður ekki veitt viðtaka lengur en sjö dögum eftir að skilafresti lýkur. Vakin er athygli á að póstsending getur tekið lengri tíma en sjö daga.

Ófrávíkjanlegt skilyrði þess að tillögu sé veitt viðtaka og hún dæmd er að henni sé skilað á réttum tíma samkvæmt framangreindu og að nafnleyndar sé gætt.

2.11 Niðurstaða samkeppninnar.

Áætlað er að dómnefnd ljúki störfum á þeim tíma sem um er getið í grein „1.5 Lykildagsetningar samkeppninnar“.

Um rof nafnleyndar verður farið í samræmi við grein „3.2.5 Nafnleynd rofin“ í ritinu Leiðbeiningar um hönnunarsamkeppni.

Ákvæði um dómnefndarálit er að finna í grein „3.2.6 Dómnefndarálit“ í ritinu Leiðbeiningar um hönnunarsamkeppni.

Verkkaupi gefur út dómnefndarálit á prentuðu formi.

2.12 Sýning.

Eftir að úrslit liggja fyrir verður haldin sýning á þeim tillögum sem bárust, í samræmi við grein „3.3.3 Sýning tillagna“ í ritinu Leiðbeiningar um hönnunarsamkeppni.

2.13 Rýnifundur.

Í samræmi við grein „3.3.2 Rýnifundur“ í ritinu Leiðbeiningar um hönnunarsamkeppni, verður haldinn rýnifundur innan eins mánaðar frá verðlaunaafhendingu.

3 LÝSING VERKEFNIS.

3.1 Markmið.

Með samkeppninni er stefnt að því að fá fram framúrskarandi tillögu að fangelsi á Hólmsheiði í Reykjavík í samræmi við þau sjónarmið Fangelsismálastofnunar sem fram koma í starfsemislýsingu í samkeppnislýsingu þessari. Aðalmarkmið eru að bæta skilyrði til afplánunar fangelsisrefsinga og lækka rekstrarkostnað fangelsa.

Bætt skilyrði til afplánunar fangelsisrefsinga.

Bæta á skilyrði til afplánunar fangelsisrefsinga með því að byggja nýtt fangelsi í stað tveggja fangelsa á höfuðborgarsvæðinu sem uppfylla ekki nútíma kröfur og einnig í stað gæsluvarðhaldsdeildar í fangelsinu á Litla Hrauni. Jafnframt verður fangarýmum fjölgað þannig að áætluðum framtíðarþörfum verði fullnægt þegar tekið hefur verið tillit til annarra úrræða en afplánunar í fangelsum. Undirmarkmið verða:

- Fangelsið verði með alls 56 fangarýmum. Kvennadeild með 8-10 rýmum er ætluð fyrir móttöku- og afplánun kvenfanga um lengri og skemmri tíma. Gæsluvarðhaldsdeild verður með 16 klefum en einnig verður unnt að nota 8 klefa á móttöku- og skammtímadeild fyrir fanga í einangrun. Móttöku- og skammtímadeild verður með 30-32 rýmum, ætluð fyrir móttöku fanga sem fluttir verða í önnur fangelsi sem og fyrir afplánun um skemmri tíma.
- Sköpuð verði umgjörð sem tryggi öllum föngum örugga og vel skipulagða afplánun þar sem mannleg og virðingarverð samskipti verði höfð í fyrirrúmi og að fyrir hendi verði aðstæður og umhverfi sem hvetur fanga til að takast á við vandamál sín.
- Miklir möguleikar verði til að skipta upp fangahópnum með fyrirkomulagi sem byggir á hæfilega stórum íbúðareiningum, aðskildum útivistarsvæðum og möguleikum á aðskilnaði við nám og vinnu.
- Góð aðstaða verði fyrir vinnu og nám fanga sem og útivist og líkamsrækt. Þetta á sérstaklega við um kvenfanga sem geta þurft að afplána langar fangelsisrefsingar.
- Heimsóknaraðstaða tryggi föngum þann rétt sem þeir hafa varðandi heimsóknir. Sérstaklega þarf að huga að heimsóknum fjölskyldna og barna og tryggja aðgengi fyrir alla.
- Aðstaða starfsmanna verði góð varðandi fyrirkomulag og staðsetningu starfsmannarýma þannig að vinnuumhverfi verði ákjósanlegt.
- Öryggismál verði í fyrirrúmi, jafnt þeir þættir sem lúta að öryggi fanga og starfsmanna sem og réttaröryggi almennings. Öryggisbúnaður uppfylli nútíma kröfur og aðstaða og búnaður við aðkomu tryggi öflugt eftirlit.

Lækkun rekstrarkostnaðar.

Markmið verkkaupa er að lækka rekstrarkostnað hvers fangarýmis. Undirmarkmið verða:

- Skipulag fangelsisins verði með þeim hætti að starfsmönnum sé gert kleift að vinna störf sín á hagkvæman og öruggan hátt og mönnun verði í lágmarki.
- Skipulag og fyrirkomulag fangelsisins tryggi sem mestan sveigjanleika svo unnt sé að nýta deildir sem best. Þetta á einkum við um gæsluvarðhaldsdeild því fjöldi fanga í einangrun er eðli málsins samkvæmt mjög breytilegur.
- Fangelsisbyggingin verði hagkvæm varðandi framkvæmda- og rekstrarkostnað.

3.2 Skýringar á hugtökum.

Aðalinngangur: Megindyr fangelsisins sem stýrt er af vakthafandi aðilum í stjórnstöð og/eða innkomuvakt (varðstofu við aðalinngang). Framvísun skilríkja eða annars konar einkennisþátta fer þar fram. Þegar opnað hefur verið er gengið inn í anddyri þaðan sem leiðir liggja í samræmi við tilgang komu. Gert er ráð fyrir að inn í fangelsið sjálft sé einn aðalinngangur sem síðan deilist í fleiri leiðir þegar komið er inn í herbergi með leitarhliði. Aðrar dyr eða inngangar fangelsisins eru ætlaðar til notkunar í sérstökum tilgangi, t.d. fyrir fangaflutninga (bifreiðar flutningsmanna og lögreglu), við eftirlitsferðir, vörumóttöku, o.fl.

Aðalvarðstofa: Miðlæg aðgerðastöð sem stjórnar daglegri rútínu í fangelsinu. Starfsmenn þar stýra boðleiðum og umferð innan fangelsisins. Í stjórnstöðinni er heili eftirlitskerfisins, þaðan næst samband við allar deildir og rými, þangað berast boð og erindi utan frá og innan úr fangelsinu. Stjórnstöð á aðalvarðstofu er mönnuð allan sólarhringinn og hefur eftirlit og stjórn á öryggi staðarins.

Aðbúnaður/umhverfi: Sumir halda því fram að of glæsilegar fangelsisbyggingar dragi úr áhrifamætti refsingar en hafa verður í huga að refsingin sjálf felst í innlokuninni. Þannig sé mannlegrar virðingar gætt og aðstæður séu í takt við ákveðin markmið sem stefnt er að. Öll fangavist byggist á því að fangar eru þvingaðir til að vera á staðnum. Þróunin á Norðurlöndum hefur í seinni tíð verið sú að æ meira er hugsað um að fangelsi séu hönnuð vistvænt. Stefnan hefur meðvitað verið sett á að hönnun beinist frá gömlum fangelsisklisjum (grjót, gaddavír, rimlar) til betri umhverfissálfræði. Fanga skal vista við þann aðbúnað sem stjórnvöld telja við hæfi. Það á ekki að fela í sér að einstaklingum stafi ógn af byggingarstil fangelsisins, eins og áður tíðkaðist. Fyrst og fremst ber að huga að því hvernig fangelsið þjónar tilgangi sínum og að starfsumhverfi og andrúmsloft séu jákvæð. Þar skiptir máli að fangar og starfsmenn séu sáttir við aðbúnað og umhverfi sem þeir þurfa að búa við, fangar meðan á fangavist stendur og starfsmenn á vinnustað sínum.

Aðgreining fanga: Skipulagi fangelsisins er þannig háttað að fangarýminu er skipt niður í smærri einingar til að auðvelda að skipta fangahópnum eftir aðstæðum og brotaflokkum.

Aðkomuhlið: Eitt hlið á fangelsisgirðingu sem öll umferð inn og út af fangelsissvæðinu fer um.

Aðstaða fyrir utanaðkomandi aðila: Það eru utanaðkomandi aðilar sem eiga sérstök erindi við fanga en flokkast ekki sem venjulegir heimsóknargestir. M.a. lögmenn, fangelsisprestur, starfsmenn Fangelsismálastofnunar, lögreglumenn, heilbrigðisstarfsmenn og aðrir í opinberum erindagjörðum. Aðstaðan felst í samnýtanlegum viðtalsherbergjum.

Biðklefar: Minni fangaklefar með lágmarksbúnaði þar sem t.d. ölvaðir fangar, sem eru að hefja refsivist, eru látnir bíða meðan víman rennur af þeim áður en þeim er vísað inn á deildir.

Bifreiðainnkeyrsla: Fangaflutningsbifreiðar og lögreglubifreiðar sem koma með fanga keyra inn í sérstaka bílageymslu sem tengist móttökueiningu.

Borðstofa fanga: Á fangadeildum þar sem fangar sjá um eigin matseld er aðstaða til að matast sameiginlega.

Borðstofa starfsmanna: Aðstaða starfsmanna og gesta til að matast.

Bókasafn fangelsis: Aðstaða til útláns bóka til fanga, einnig lestrar- og vinnuaðstaða fyrir fanga í námi.

Búnaður í klefa: Búnaður á klefa fer eftir vistunarflokkun fanga. Í venjulegum fangaklefum er staðalbúnaður: Rúm, stóll, borð, hilla, skápur, sjónvarp, salerni, sturta, handlaug. Á sérstökum klefum, t.d. einangrunarklefum, er búnaður einfaldari, þ.e. rúm, borð, stóll, salerni og handlaug,- samkvæmt ákveðnum öryggisstaðli boltað niður

í gólflið. Tekið skal fram að í skipulagi er aðeins gert ráð fyrir að fjórir klefar verði eingöngu notaðir sem einangrunarklefar. Búnaður fer eftir notkun klefans, t.d. biðklefar, öryggisklefar. Ljóst er að á öllum fangaklefum verður að gera ráð fyrir að stýra megi búnaði (rafmagni, hita, vatni) utanfrá, t.d. að stýra heitavatnsrennsli eða rjúfa rafmagn. Vegna kröfu um breytilega nýtingu á hluta af fangaklefum (úr einangrunarklefa í venjulega klefa og öfugt) er ljóst að klefar þurfa að vera nánast allir með sama búnaði, einungis hægt að fækka eða fjölga lausabúnaði.

Eftirlitsmyndavélar: Myndavélar tengdar upptöku sem beinast að ákveðnum svæðum innan- og utanhúss þar sem ætlast er til að fangaverðir geti fylgst með mannaferðum til að efla öryggi.

Einangrun: Um þrenns konar einangrun getur verið að ræða í fangelsi. Í fyrsta lagi einangrun sakbornings sem dómari hefur úrskurðað í gæsluvarðhald lögum samkvæmt. Fangi er einangraður til að rannsóknarhagsmunir spillist ekki ef líkur eru á að sakborningur vinni að því að hylja spor sín meðan frumrannsókn fer fram. Í öðru lagi er um að ræða einangrun vegna alvarlegs eða ítrekaðs agabrots í fangelsinu. Þá er það forstöðumaður fangelsis sem ákvarðar að fanginn fari í tímabundna einangrun í samræmi við 57. gr. laga um fullnustu refsinga. Í þriðja lagi er einangrun sem forstöðumaður ákvarðar vegna öryggis fangans sjálfs eða vegna þess að hann er hættulegur sjálfum sér og öðrum, í samræmi við 58. og 59. gr. laga um fullnustu refsinga (sjálfsvígstilraunir, ofsafenging hegðun, geðbrenslun o.p.h.).

Fangainngangur: Sú leið sem fangar, sem sjálfir mæta vegna boðunar í fangelsið, fara í gegnum móttöku- og öryggisrýmið. Það er jafnframt aðalinngangur fangelsisins.

Fangarými: Svæði innan fangelsisins sem ætlað er til fangavistar, s.s. klefar, borðstofur, eldhús, vinnuherbergi, fangagangar o.fl.

Fangavinna: Vinna fanga fer fram á verkstæðum eða í rými sem tengist ákveðnum deildum og varðstofum fangelsisins. Mikilvægt er að gott aðgengi sé frá deild yfir á vinnustað, þ.e. að fangi þurfi ekki að fara gegnum aðrar deildir til að komast á vinnustað.

Fjölbreytni innan girðingar: Átt er við skipulag lóðar og fangelsissvæðis innan girðingar með það fyrir augum að boðið sé upp á afþreyingu og æfingaaðstöðu í útivistartímum fanga. Umgjörð fangelsissvæðisins á að vera það rammger, ásamt virku eftirliti fangavarða, að fangar geti notið nokkurs frjálsræðis á vissum svæðum án þess að fangaverðir þurfi að óttast skyndilegt stök. Útivistarsvæði þurfa að vera aðskilin og helst úr sjónlínu annarra deilda sem ekki er ætlast til að blandist saman meðan á útivist stendur.

Frítími fanga: Þegar talað er um frítíma fanga er átt við þann tíma sem þeir ráða sjálfir. Þetta er sá tími sem fangar njóta ekki skipulagðrar þjónustu, s.s. vinnu, námi, heimsóknnum, læknatímum, viðtölum og öðru. Það á t.d. við frá kl.17:00 til 22:00 á virkum dögum og um helgar og helgidaga. Ennfremur að kvöld-og næturlagi þegar fangar eru lokaðir inni í klefum.

Gestainngangur: Gestir og aðrir sem eiga erindi inn í fangelsið fara ákveðna leið eftir að hafa farið gegnum móttöku- og öryggisrými.

Geymslur: Gera þarf ráð fyrir ýmis konar geymslurými tengdu fangadeildum, vinnuherbergjum og starfsmannaaðstöðu. Til dæmis fyrir muni sem þarf að geyma, verkfæri, aðföng til vinnu, lín o.fl.

Glerheimsókn: Búnaður sem skilur að heimsóknargest og fanga ef fangi á ekki rétt á heimsókn í einrúmi. Skilrúm úr öryggisgleri er á milli aðila sem talast við gegnum síma.

Gæsluvarðhald: Gæsluvarðhaldsfangi er sakborningur, sem dómari hefur úrskurðað í gæsluvarðhald. Fyrirkomulag gæsluvarðhalds er mismunandi. Ýmist er krafist einangrunar, samskiptabanns eða annarra takmarkana.

Heimsóknaraðstaða: Afmörkuð eining með heimsóknarherbergjum fyrir óvaktaðar heimsóknir. Bæði þarf að gera ráð fyrir nánum samskiptum fanga og gests í einrúmi og einnig vöktuðum heimsóknum án snertingar. Þá þarf líka að vera stærri aðstaða fyrir fjölskylduheimsóknir með tilheyrandi afþreyingu fyrir börn.

Heimsóknaríbúð: Lítil íbúð tengd heimsóknardeild þar sem fjölskylda fanga (börn), sem t.d. býr úti á landi, getur dvalið daglangt eða yfir nótt í samvistum við fangann.

Helgarheimsókn: Í sumum fangelsum erlendis er gert ráð fyrir að sambýlisfólk geti varið töluvert miklum tíma saman innan fangelsis (sérstaklega þeir sem langt eiga að sækja).

Hreyfiskynjarar: Eftirlitstæki sem skynja hreyfingu á tilteknum stöðum innan fangelsissvæðis, við girðingar og víðar þar sem fylgjast þarf með mannaferðum. Gefa frá sér hljóðmerki og beina í sumum tilvikum eftirlitsmyndavélum á staðinn.

Innkomuvakt: Varðstofa við inngang fangelsisins þar sem fangavörður tekur á móti öllum sem fara inn og út úr fangelsinu.

Innra öryggi (dynamic security): Einnig nefnt sveigjanlegt eða færanlegt öryggi sem byggir fyrst og fremst á starfsháttum, samskiptum og skipulagi mannaflans sem vinnur í fangelsinu (*sjá einnig ytra öryggi, static security*).

Innri gangar: Gangar inni á íbúðareiningum fanga.

Innri garðar: Lokaðir garðar innan fangelsisbyggingarinnar þar sem njóta má birtu og útivistar án þess að fara í raun út úr byggingunni.

Innri girðingar: Girðingar innan fangelsissvæðis sem afmarka sérstök útivistarsvæði fanga.

Íbúðareining: Afmörkuð eining innan deildar, að jafnaði með átta klefum. Þar er aðstaða til að elda og neyta máltíða og í sumum tilvikum tómstundaaðstaða. Að jafnaði hefur hver íbúðareining sitt útivistarsvæði.

Klefastærð: Stærð klefa getur verið mismunandi. Afplánunarklefar og gæsluvarðhaldsklefar eru jafnstórir en svonefndir biðklefar eru minni. Klefar fyrir fatlaða og sérstakir öryggisklefar eru heldur stærri.

Kvennadeild: Afmörkuð íbúðareining ætluð kvenföngum.

Lausagæsla: Gæsluvarðhald án einangrunar. Lausagæslufangar njóta að flestu leyti sams konar réttarstöðu í fangelsinu og fangar sem eru að afplána refsivistardóm.

Læknastofa og heilbrigðisaðstaða: Aðstaða til skoðunar og viðtala lækna við fanga í fangelsinu. Hjá fangelsislækni verður að vera pláss fyrir skoðunarbekk, lyfjageymslu, sjúkraskrár í læstum hirslum, skrifstofu- og tölvuaðstöðu og annan búnað sem til heyrir heilsugæslulækni og hjúkrunarfræðingi.

Markviss samskipti: Starfstilhögun sem byggir á því að fangaverðir eigi sem mest samskipti við fanga inni á deildum, í útivist og á vinnustöðum. Þannig er öryggismálum fangelsisins best komið (innra öryggi) og það hefur í för með sér jákvætt andrúmsloft milli aðila. Þetta hefur m.a. verið nefnt "*kontakt*" fangavarsla og starfsmennirnir tilsjónarfangaverðir (eða „tenglar“).

Matartími fanga: Gert er ráð fyrir að fangar matist inni á eigin íbúðareiningum.

Matseld fanga: Að jafnaði er aðstaða til matseldar í hverri íbúðareiningu. Þar er svonefnd sjálfsumsjón og geta viðkomandi fangar eldað eigin mat, smurt brauð og geymt matvæli sín (borðkrókur, eldavél/ofn, ísskápur, skápláss, hnífapör o.þ.h.).

Móttaka fanga: Sérstök eining, móttökueining, þar sem aðstaða er fyrir leit á föngum, myndatöku og inntökuskýrslu. Fangar verða að afklæðast þar og fara í sturtu, auk þess sem þar er tekið við munum og ýmsu sem þeir hafa meðferðis við komu í fangelsið.

Móttaka vöru: Þegar sendibifreiðar eða bifreiðar á vegum fangelsisins koma með vörur er keyrt beint að sérstakri vörumóttöku sem tengist geymsluaðstöðu og lager. Þar þarf að vera aðstaða til að skoða hluti, opna pakka (grams), o.þ.h.

Móttökufangelsi: Fangelsi sem skilgreind eru sem upphafsstaður afplánunar eða gæsluvarðhalds. Þangað er stefnt þeim sem hefja fangavist og bíða þar eftir plássi í öðrum fangelsum eða klára sína vistun ef það þykir heppilegt. Í móttökufangelsi fer m.a. fram fyrsta læknisskoðun, einnig er tekin mynd af fanganum og innkomuskýrsla.

Myndavélakerfi: Eftirlitsmyndavélar sem dreifðar eru um fangelsið, bæði inni og úti. Miðstöð eftirlitskerfisins er á aðalvarðstofu, þaðan á að vera hægt að sjá inn í flesta afkima fangelsisins og um lóð þess. Einnig þurfa að vera myndavélar sem beinast að girðingu umhverfis fangelsið og að útivistarsvæðum fanga.

Nám fanga: Huga þarf vel að staðsetningu og skipulagi námsaðstöðu fanga. Viðbúið er að einstaklingar af flestum deildum sækist eftir að nýta sér skólann að einhverju marki og skólahald fer fram á ákveðnum tíma dagsins.

Normalsjónarmið: Átt er við að reynt sé að skapa sem eðlilegast („normal“) andrúmsloft í skipulagi, umhverfi og starfsháttum fangelsisins. Þá er byggt á mannlegum öryggisþáttum, tækni, breytileika og því að færa fangelsisstarfsemina sem næst því sem almennt gerist í samskiptum fólks úti í samfélaginu. Liður í því er t.d. að draga úr gömlum fangelsiseinkennum (rimlum, hlekkjum, varðturnum, o.fl.) og öðru sem höfðar til sýnilegra þvingana og niðurlægingar.

Ræstingarherbergi: Í starfsmannaaðstöðu og á fangadeildum verður að gera ráð fyrir litlum herbergjum fyrir ræstivörur, þvottavagna, ryksugur o.þ.h.

Sjálfsumsjón: Skipulag sem felur í sér að fangar á deildum sjá sjálfir um að panta matvæli, elda mat, þvo upp og þrifa, þvo eigin þvott o.fl.

Skammtímadeild: Fangadeild ætluð til afplánunar refsivistar í stuttan tíma.

Skjái (monitors): Eftirlitsskjái á vaktpóstum í fangelsinu (aðalvarðstofu, varðstofu við aðalinngang). Ýmist er um að ræða skjái með fastri mynd af svæðum sem þurfa að vera undir stöðugu eftirliti eða skjái með flettimynd sem skipta um sjónarhorn með ákveðnu millibili.

Skynjarar: Hreyfiskynjarar sem festir eru á girðingu eða múr, eða eru í jörðu og gera vaktinni viðvart ef óeðlileg hreyfing eða álag á sér stað.

Staðlaður búnaður: Sá grunnbúnaður sem við hæfi þykir að fangelsið hafi til ráðstöfunar, t.d. inni á klfum, í sameiginlegu rými, í íþróttaaðstöðu o.þ.h.

Sveigjanleg notkun eininga: Hugmyndin er að unnt verði með lítilli fyrirhöfn að breyta nýtingu innan fangelsisins í samræmi við þörf á vistunarrými. Ef margir eru t.d. úrskurðaðir í einangrun í gæsluvarðhaldi þá sé hægt að taka tvær aðliggjandi íbúðareiningar undir einangrun til viðbótar þeim klfum sem ávallt eru notaðir til einangrunar. Eins verði einfaldlega hægt að loka ákveðnum deildum fangelsisins ef föngum fækkar, án þess að það raski mikið daglegri starfsemi í fangelsinu. Niðurskipan deilda þarf að vera með þeim hætti að inn á hverja þeirra verði aðeins gengið úr sameiginlegu rými, þ.e. fangar eiga ekki að þurfa að ganga gegnum aðrar íbúðareiningar til að komast inn á sína eigin.

Sveigjanleg nýting: Það meginsjónarmið við hönnun fangelsisins að gert sé ráð fyrir breytilegum forsendum við nýtingu. Að hægt sé með lítilli fyrirhöfn að loka deildum, skipta úr einangrun yfir í afplánun eða lausagæslu og aðlaga fangelsið að mismunandi notkunarþörf hvers tíma.

Tvískipt hlið: Aðkomuhlið verður skipt í tvennt, sérstakt stórt hlið fyrir bifreiðar og annað minna fyrir gangandi fólk.

Tæknirými: Í fangelsinu er mikill öryggis- og tæknibúnaður sem krefst rúmgóðrar aðstöðu.

Umönnun: Líta má á hlutverk nútíma fangelsisvistar sem tvíþætt. Annars vegar er um að ræða refsihlutann sem felur í sér innilokun og viðeigandi eftirlit fangavarða (öryggi, festa, gæsla). Hins vegar er svo umönnunarpátturinn sem lýtur að því að hafa jákvæð áhrif á einstaklinginn sem er í fangavist, svo fangelsisdvölin verði honum ekki til meira tjóns en efni standa til (þjónusta, umhyggja, betrun).

Útiheimsókn: Gert er ráð fyrir afgirtu svæði við heimsóknaríbúð þar sem gestir og fangi geta verið utandyra.

Útipallar, verandir: Lítið yfirbyggt útisvæði fyrir utan fangadeildir og skrifstofudeild starfsmanna þar sem hægt er að fá sér frískt loft eða reykja utan dyra.

Útivistarsvæði fanga: Skipulag útivistarsvæðis fangelsisins er mikilvægt. Hvernig því er skipt í opin svæði og bannsvæði, hvar starfsmenn einir mega vera á ferli og hvar fangar hafa aðgang. Í þessu samhengi þarf einnig að skipuleggja lokuð útivistarsvæði fyrir einangrunarfanga sem almennir fangar hafa engan aðgang að (einangrunargarðar)

Útsýni: Með útsýni er átt við það hvað fangi sér út um glugga á klefa sínum og/eða annarsstaðar frá fangelsisbyggingum eða fangelsissvæði. Á það líka við um sýn yfir múr eða girðingu. Tryggja þarf að ekki sé útsýn frá einangrunarklefum, - en jafnframt þarf að sjá til þess að dagsbirta berist inn í þá.

Varðstofur: Vaktpóstar starfsmanna sem tengdir eru mismunandi starfsemi fangelsisins. Á aðalvarðstofu og á varðstofu við aðalinngang fer fram ýmiss konar skráning og eftirlit vegna viðkomandi svæðis (deilda, vinnustaða, aðkomu fanga, starfsmanna og gesta) og þar er aðstaða fangavarða að hluta til. Varðstofur eru vaktrými og þær eiga að vera staðsettar á álagssvæðum þar sem stutt er í allar áttir. Varðstofa er mönnuð eftir þörf á hverjum tíma. Sérstaklega þarf að huga að staðsetningu varðstofa m.t.t. deildaskiptingar fangelsisins og hvernig þær tengjast samskiptaleiðum, vinnustöðum fanga o.fl.

Vöktuð heimsókn: Fangi og heimsóknargestur hittast í afmörkuðu rými (heimsóknarherbergi) og fangavörður er viðstaddur meðan á heimsókn stendur.

Ytra öryggi (static security): Þau öryggisatriði fangelsisumhverfis sem byggja á búnaði, tækni og hindrunum, til dæmis: múr, rimlum, girðingum, læsingum, myndavélum o.p.h. Ytra og innra öryggi (static and dynamic security) eru ekki andstæður heldur eiga að vinna saman sem heild og auka þannig virkt starf í fangelsinu.

Ytri girðing: Girðing á lóðarmörkum sem markar bannsvæði utanaðkomandi aðila umhverfis fangelsið.

Þrif á deildum: Einn fangi á deild hefur sem launað starf að sjá um þrif.

Þrif á klefa: Samkvæmt reglum skulu fangar sjá um að þrifa eigin klefa.

Þvingunartæki/búnaður: Ýmis tól og tækjabúnaður innan fangelsis sem gripið er til ef beita þarf fanga líkamlegri þvingun eða ef grípa þarf til sérstakra aðgerða til að bæla niður mótþróa.

Þvottahús: Algengt er að fangelsi reki þvottahús með tilheyrandi vélakosti sem hluta af fangavinnu.

Þvottur (eigin): Gert er ráð fyrir að fangar á almennum fangadeildum hafi aðgang að þvottavél og þurrkara til að þrifa af sér fatnað.

Öryggisgirðing, fangelsisgirðing: Hin eiginlega fangelsisgirðing er það há og vel útbúin að hún hindrar flótta úr fangelsinu. Öryggisgirðing er búin skynjurum og eftirlitsmyndavélum.

Öryggisklefi: Sérstakur klefi sem eingöngu er notaður sem neyðarúrræði vegna bráðrar hættu. Sem dæmi má nefna ef fangi gerir ítrekaðar tilraunir til sjálfsvígs eða ef fangi stefnir öryggi fangelsisins í hættu með ofstopa, líkamsmeiðingum eða tilraunum til íkveikju. Engir lausamunir eru í öryggisklefa og ekkert sem fangi getur skaðað sig á. Í klefanum er innbyggt myndavélakerfi til eftirlits með fanganum.

3.3 Keppnissvæðið.

Keppnissvæðið er á Hólmsheiði við Hafravatnsveg (áður Nesjavallaveg).

Mæliblað, nr. 5.864.1, fyrir fangelsi á Hólmsheiði við Nesjavallaleið liggur fyrir.

Hæðarblað fyrir fangelsi á Hólmsheiði við Nesjavallaleið, dagsett 13.04.2011, liggur fyrir.

Á mæli- og hæðarblöðum er lóð afmörkuð.

3.4 Lóð, aðkoma og nánasta umhverfi.

3.4.1 Lóð, umhverfi, umferð.

Lóðin er á Hólmsheiði við Hafravatnsveg skammt suðvestan spennistöðvar við Geitháls. Hún er 34.667 m² að stærð. Svæðið einkennist af melum og holtagróðri og stendur lóðin á tiltölulega flötu landi undir brekkum norðan og vestan megin við hana.

Uppfylla skal kröfur deiliskipulags um fjölda bílastæða.

Í gildandi aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 er Hólmsheiði skilgreind sem athafnasvæði, en fangelsislóðin er á svæði fyrir þjónustustofnanir.

Sjá einnig grein „3.3 Keppnissvæðið“.

3.4.2 Deiliskipulag.

Í gildi er deiliskipulagið „Fangelsi við Nesjavallaveg“ sem samþykkt var í borgarráði Reykjavíkur 2.10.2001 en vakin er athygli keppenda á að grein “2.4 Girðingar og gróðurbelti” fellur úr gildi við endurskoðun deiliskipulags og skulu keppendur fylgja því sem fram kemur í grein „3.7.2.2 Afmörkun og lokun“.

3.5 Náttúru- og veðurfar.

Til grundvallar veðurfarsupplýsingum er stuðst við skýrslu Veðurstofu Íslands, VÍ 2009-16, „*Veðurmælingar á Hólmsheiði, 11. janúar 2006 – 31. október 2009*“ (fylgiskjal E). Þessi skýrsla var unnin til þess að meta aðstæður á Hólmsheiði m.t.t. staðsetningu nýs flugvallar fyrir innanlandsflug.

Meðalhiti á Hólmsheiði er 4.7°C. Hæsti hiti sem mælst hefur 27.9°C og lægsti -18.2°C. Samandregið þá er meðalhiti á Hólmsheiði á ársgrundvelli að jafnaði 1.1°C lægri en á Reykjavíkurflugvelli.

Loftraki. Rakastig á Hólmsheið er hærra en á Reykjavíkurflugvelli sem gefur til kynna að þoka og súldarveður séu tíðari þar.

Vindáttir. Sjá ofangreinda skýrslu (bls. 17):

„Algengasta vindáttin nær alla mánuði var austlæg (80-90%) en sjaldgæfust var norðlæg átt. Athygli vekur að austan og suðaustanátt var að jafnaði algeng alla mánuði, en í þessum áttum getur oft verið talsvert hvasst.“

Á ársgrundvelli er það austan og suðaustanáttir sem ríkja (sjá vindrósir á bls. 37-39 í skýrslu VÍ). Yfir vetrarmánuðina er það austanáttin og á sumrin suðaustan og norðvestanátt.

3.6 Jarðvegsaðstæður.

Ekki hafa verið teknar prufuholur á lóðinni.

Framkvæmdar verða jarðvegsathuganir að lokinni hönnunarsamkeppni.

3.7 Verkefnislýsing.

Hanna skal nýtt móttöku- og gæsluvarðhaldsfangelsi með 56 fangarýmum.

Gert er ráð fyrir þremur fangadeildum, gæsluvarðhaldsdeild, kvennadeild og móttöku- og skammtímadeild. Að jafnaði verður deildum skipt upp í íbúðareiningar með átta klefum.

Aðrar einingar fangelsisins eru aðkoma, varðstofur, heimsóknaraðstaða, vinnu- og frístundaaðstaða og stjórnunar- og starfsmannaaðstaða.

Af rekstrar- og hagkvæmnisástæðum og með tilliti til hámarksöryggis er gerð krafa um að fangelsið verði í einlyftri byggingu, þó mega tæknirými vera í kjallara eða risi.

Í verkefnislýsingu þessari er gerð grein fyrir þeim meginsjónarmiðum sem eiga að ráða við hönnun fangelsisins. Starfsemi fangelsisins og uppbygging í meginatriðum er einnig skýrð í grein „3.7.4 Starfsemislýsing“.

3.7.1 Almenn.

Áhersla er lögð á heildarlausn sem skili vandaðri og góðri byggingarlist. Lausn sem byggir á þáttum eins og formi byggingar og samspili hennar við nánasta umhverfi sitt, rými að utan sem innan, hlutföllum og efnisvali. Lögð er áhersla á gæði, fagmennsku og vandvirkni bæði varðandi hönnun og framkvæmd verksins í samræmi við stefnumótun stjórnvalda, *Menningarstefnu í mannvirkjagerð* (Fylgiskjal G).

Tryggja skal sem best aðgengi fyrir alla. Frágangur lands og lóðar og hlutdeild lista eru þættir í heildarmynd verksins.

Hönnun fangelsins skal vera í samræmi við lög, reglugerðir og staðla sem gilda um byggingar sem þessa. Áhersla er lögð á þætti sem geta haft jákvæð áhrif á heilsu og vellíðan þeirra sem dvelja og starfa í byggingunni.

Fangelsið verður skilgreint með háu öryggisstigi og þarf því að uppfylla nokkur almenn grundvallaratriði:

- Að vart sé hægt að flýja fangelsið eða brjótast inn í það.
- Að starfsmenn hafi tök á að fylgjast með öllum sameiginlegum rýmum fangelsisins með einhverjum hætti.
- Að fangelsið verði þannig uppbyggt að starfsmönnum og föngum sé mögulegt og nauðsynlegt að eiga persónuleg samskipti.
- Að fangar, sem og starfsmenn, geti ávallt gert vart við sig með einhverjum hætti, t.d. með kallkerfi, bæði á klefum sem og í öðrum rýmum.

Aukin áhersla hefur verið lögð á að fangar séu lausir við fíkniefnanotkun. Unnið er að því með ýmsum aðferðum svo sem öflugum eftirliti við innganga, fíkniefnameðferð fanga og leit inni í fangelsinu. Það verður að líta á það sem eitt af þeim grundvallaratriðum sem fangelsið þarf að uppfylla varðandi öryggismál, að erfitt sé að koma inn í fangelsið efnum, hlutum eða búnaði sem þar er óleyfilegur.

Gera þarf almennar ráðstafanir vegna fanga sem eru taldir líklegir til að strjúka. Varðandi öryggi gagnvart innbroti inn í fangelsið þá eru fá dæmi um það hér á landi að öryggi fangelsa sé ógnað með þeim hætti. Þó er eðlilegt að gerðar verði ráðstafanir gagnvart þeirri hættu, svo sem að girðingar sem og inngangar séu þess eðlis að ekki sé síður erfitt að brjótast inn en út úr fangelsinu.

Öryggi fanga verði tryggt meðan á afplánun stendur, þannig að þeir búi ekki við ofbeldi og ógnanir frá öðrum föngum. Stuðlað er að þessu á ýmsan hátt:

- Deildaskipting með tiltölulega litlar einingar stuðlar að öryggi að þessu leyti. Góðir möguleikar þurfa að vera á aðgreiningu fanga.
- Innra öryggi sem skapast með nálægð og samskiptum fangavarða og fanga er mjög mikilsvert.
- Með góðri yfirsýn yfir rými þar sem fangar dvelja.
- Myndavélar í sameiginlegum rýmum svo fangaverðir verði þess varir ef óeðlilegar aðstæður skapast.

3.7.2 Ytri umgjörð.

3.7.2.1 Ásýnd og útlit.

Þrátt fyrir strangar öryggiskröfur er mikilvægt að innra skipulag, útlit bygginga og útisvæði hafi geðfellt viðmót og jákvæð áhrif á endurhæfingu fanga. Á sama hátt er mikilvægt að fangelsið virki vel og manneskjulega á heimsóknargesti og aðra sem þangað eiga erindi. Byggingin, stærðarhlutföll og efnisval skal fyrst og fremst ná því jákvæða fram í starfsemi fangelsisins og draga að sama skapi úr neikvæðum einkennum slíkra stofnana.

Forðast ber að forma mannvirkið þannig að innskot og sund verði til sem gefa kost á felustöðum þar sem fangar geta athafnað sig eftirlitslaust. Í samræmi við umhverfisstefnu verkefnisins ber að huga að gróðri og móta land á markvissan hátt.

3.7.2.2 Afmörkun og lokun.

Mikilvægt er að fangelsið sé tryggilega afgirt. Auk þess þarf fyrirkomulag girðinga að vera þannig að torvelt sé að koma efnum og hlutum inn í fangelsið sem þar eru óleyfileg. Auk girðinga verður rafrænn eftirlitsbúnaður notaður til að tryggja afmörkun og lokun fangelsisins.

Aflokun verður byggð þannig upp, talið upp innan frá:

- Útivistargarðar íbúðareininga verða afgirtir með 3 metra háum girðingum með þéttum teinum þannig að torvelt er að klifra yfir („anti-climb“). Bil milli útivistargarða og fangelsisgirðingar skal vera a.m.k. 6 m.
- Netgirðing, 3 metra há, skal loka aðkomu að gæsluvarðhaldsdeild. Einnig mun garður utan við heimsóknardeildina vera afgirtur. Tvískipt öryggishlið á girðingu.
- Fangelsislóðin í heild verður afgirt með fangelsisgirðingu, 5 metra hárri. Efri hluti girðingarinnar verður með þéttum teinum („anti-climb“). Tvískipt öryggishlið á girðingu.
- Utan við fangelsisgirðingu verður a.m.k. 24 metra breið spilda með myndavélum og örbylgjuskynjurum. Myndavélar verða væntanlega á 12 metra háum stólpum. Á þessu svæði verða bílastæði gesta og starfsmanna.
- Yst, á lóðarmörkum, verður 3 metra há netgirðing sem varnar því að utanaðkomandi geti farið að fangelsisgirðingunni. Hliði á girðingu verður lokað með einfaldri rá.

3.7.2.3 Aðgangur.

Ytri girðing er á lóðarmörkum. Bílastæði fyrir starfsmenn og gesti eru fyrir innan hana en utan fangelsisgirðingar. Eitt tvískipt hlið verður á fangelsisgirðingu. Umferð inn fyrir fangelsisgirðingu verður takmörkuð við öryggisbifreiðar og vöruflutninga.

Tveir inngangar verða í fangelsið. Starfsmenn og gestir fara um aðalinngang. Fangar sem koma úr dagsleyfi fara einnig um þennan inngang. Fangar sem koma með

lögreglu eða fangaflutningabíl fara um sérstaka bifreiðainnkeyrslu að móttökueiningu sem einnig verður notuð fyrir vöruflutninga.

Áhersla er lögð á að sem mest af því sem fer inn í fangelsið fari í gegnum skanna. Gera þarf ráð fyrir rými fyrir töskuskanna og málmleitarhliði við aðalinngang.

3.7.3 Byggingar.

3.7.3.1 Innra skipulag.

Mikil áhersla er lögð á sveigjanleika í uppbyggingu og fyrirkomulagi þannig að fangelsið geti sem best mætt breyttum þörfum og kröfum. Í þessu felst m.a. að hægt verði að skipta upp deildum í minni einingar, íbúðareiningar. Einnig verði hægt að nýta hluta fangelsisins ýmist fyrir gæsluvarðhaldseinangrun eða skammtímaafplánun, allt eftir því hvernig álagi er háttað.

Gerð er krafa að um auðvelda uppskiptingu fangahópsins. Sérstök kvennadeild verður í fangelsinu. Gæsluvarðhaldsfangar í einangrun verða ekki innan um aðra fanga. Að jafnaði er gert ráð fyrir að hver íbúðareining sé með átta klefum. Það á einnig við um útivist þannig að hver íbúðareining hafi sinn útivistargarð. Þá þarf einnig að vera mögulegt að aðskilja fangahópa í vinnu og námi að einhverju marki.

Byggingin skal vera á einni hæð (en þó mega tæknirými vera í kjallara eða risi) og mikilvægt er að aðalvarðstofa verði í sem mestri nálægð við íbúðareiningar og vinnu- og námsaðstöðu fanga.

Tryggja þarf að fangelsið, sem vinnustaður og heimili fanga um lengri eða skemmri tíma, verði öruggt, vel skipulagt, hagkvæmt og stuðli að jákvæðu hugarfari þeirra sem þar búa og starfa. Lögð er áhersla á gæði rýma. Stefna ber að björtu og geðfelldu umhverfi með góðri hljóðvist og loftræsing, með markvissri notkun á dagsbirtu og með góðri hitastýringu og lýsingu. Mikilvægt er að innra skipulag og innréttingar auðveldi starfsmönnum eftirlit með öllum deildum og svæðum fangelsisins.

Ýmsar mótsagnarkenndar kröfur svo sem um nauðsyn samvinnu, aðskilnaðar og samskipta mismunandi notenda (íbúðareininga) hafa mótandi áhrif á innri tengsl rýma og tengsl innra skipulags við útsvæði. Sjónræn tengsl úr fangaklefum og sameiginlegu rými fanga við umhverfið utanhúss eru mikilvæg þar sem miklar skorður eru á ferðafrelsi fanga innan fangelsislóðar. Ekki skal vera hægt að sjá út um glugga einangrunarklefa. Úrlausnir skulu ætíð standast ýtrustu öryggiskröfur.

Þar sem fangar hafa takmarkaða kosti á hreyfingu innan fangelsisins er leiðin á milli íbúðareininga og annarra rýma mikilvæg og ber að leggja mikla áherslu á áhugaverða útfærslu hennar, m.a. með markvissri notkun dagsbirtu t.d. með ofanljósum en þau verða að standast öryggiskröfur, Gluggar á göngum að innigörðum skulu vera gólfsíðir og skal hlutfall glers vera 20-30% af flatarmáli veggja.

3.7.3.2 Aðkoma.

3.7.3.2.1 Aðalinngangur.

Gestir, starfsmenn og fangar koma inn um aðalinngang fangelsisins. Við aðalinngang verður varðstofa, innkomuvakt, sem gert er ráð fyrir að verði mönnuð að degi til. Við inngang verður biðstofa.

Allir sem fara inn í fangelsið fara í gegnum herbergi með leitarhliði og er gert ráð fyrir að leit með fíkniefnahundi fari einnig fram þar. Í herberginu verða skápar með læstum hölfum til geymslu á munum sem gestum er ekki heimilt að fara með inn í fangelsið. Tengt herbergi með leitarhliði verður sérstakt leitarherbergi ef leita þarf frekar á þeim sem inn í fangelsið fara.

Að lokinni leit í leitarhliði og eftir atvikum í leitarherbergi fara heimsóknargestir beint inn á heimsóknagang og í viðkomandi heimsóknaherbergi.

Föngum sem koma í fangelsið, t.d. að loknu dagsleyfi, verður fylgt inn á sérstaka móttökueiningu fanga. Þar verður m.a. aðstaða til að rannsaka og taka þvagsýni

Starfsmenn munu einnig fara í gegnum herbergi með leitarhliði. Fangavörður í varðstofu mun hleypa starfsmönnum inn í sérstakt rými þar sem geymdir verða lyklar og öryggisbúnaður starfsmanna. Starfsmannaaðstaða og aðstaða stjórnunar skal vera nálægt hvor annarri.

3.7.3.2.2 Bílaaðkoma.

Aflokað aðkomurými verður fyrir bíla sem þjónar bæði fangaflutningum og vörumóttöku. Aðkomurými verður í góðum tengslum við vörumóttöku og geymslu svo og móttökueiningu fanga.

3.7.3.2.3 Vörumóttaka og geymslur.

Sérstök vörumóttaka verður þar sem tekið er á móti öllum vörum sem fangelsinu berast.

3.7.3.2.4 Móttökueining.

Frá bílaaðkomu verður farið inn í móttökueiningu og þar verður lítil biðstofa. Sérstakur gangur mun tengja móttökueiningu við gæsluvarðhaldsdeild þannig að þeir sem fara í gæsluvarðhaldseinangrun fara ekki um almennan fangagang. Nauðsynlegt er að hægt verði að fara með fanga frá móttökueiningu og inn á gæsluvarðhaldsdeild án þess að það veki athygli.

Í móttökueiningu verða tveir biðklefar, ætlaðir til skemmri dvalar og í vissum tilvikum næturlangt. Baðherbergi verður í móttökueiningu. Mjög mikilvægt er að hafa gott eftirlit með föngum fyrstu klukkustundirnar eftir komu þeirra í fangelsið. Góð tengsl þurfa því að vera milli móttökueiningar og aðalvarðstofu.

3.7.3.3 Varðstofur, heilbrigðisþjónusta og ráðgjöf.

3.7.3.3.1 Varðstofa við aðalinngang.

Varðstofa við aðalinngang, innkomuvakt, verður mönnuð að degi til þegar heimsóknir standa yfir og þegar vaktaskipti fara fram. Ein vinnustöð verður á varðstofunni. Vinnuskipulag í fangelsinu verður sveigjanlegt þannig að fangaverðir sinna verkefnum hvar sem er í fangelsinu eftir því sem þörf krefur. Þannig verði fyllsta öryggis gætt enda þótt að jafnaði verði aðeins einn fangavörður í varðstofu við aðalinngang.

3.7.3.3.2 Aðalvarðstofa.

Aðalvarðstofa skal vera miðsvæðis í fangelsinu í mikilli nálægð við fangadeildir og vinnusvæði fanga. Aðalvarðstofa verður mönnuð allan sólarhringinn. Þar verður gert ráð fyrir 3-4 starfsstöðvum auk aðstöðu þess fangavarðar sem fylgist með skjám. Kaffírókur verður inni á varðstofu og þar þurfa að vera tvö salerni. Miðstöð fyrir öll eftirlits- og öryggiskerfi fangelsisins verður á aðalvarðstofu.

3.7.3.3.3 Heilbrigðisþjónusta.

Móttöku- og viðtalsherbergi lækna og hjúkrunarfræðinga þarf að vera í góðum tengslum við deildir og nærri aðalvarðstofu. Gert er ráð fyrir einu sameiginlegu herbergi fyrir lækni og hjúkrunarfræðing og tengt því verður geymsla fyrir lyf og búnað. Rými fyrir rannsóknir verður tengt herberginu.

3.7.3.3.4 Sérfræðiráðgjöf.

Gert er ráð fyrir tveimur viðtalsherbergjum fyrir ýmsa sérfræðinga og ráðgjafa sem sinna málefnum fanga. Miðað er við að þessi aðstaða verði nærri heilbrigðisþjónustu og í góðum tengslum við stjórnunaraðstöðu.

Viðtalsherbergi verða einnig notuð af fangavörðum vegna viðtala við fanga og skýrslutöku.

3.7.3.4 Deildir og einingar.**Almennt**

Í fangelsinu er gert ráð fyrir 56 fangarýmum sem skiptast þannig milli deilda:

Móttöku- og skammtímadeild	30-32
Gæsluvarðhaldsdeild	16
Kvennadeild	8-10
Alls	56

3.7.3.4.1 Gæsluvarðhaldsdeild.

Eðli máls samkvæmt er þörf fyrir gæsluvarðhaldseinangrun mjög breytileg. Á árunum 2007-2009 var meðalfjöldi gæsluvarðhaldsfanga í einangrun um 3,6 en mesti fjöldi á bilinu 13-20. Þegar fjöldi gæsluvarðhaldsfanga í einangrun er mestur er það sjaldnast nema í einn eða tvo daga. Með hliðsjón af reynslu er eðlilegt að gera ráð fyrir að fangelsið þurfi að jafnaði að vera við því búð að taka fyrirvaralítið við fjórum nýjum gæsluvarðhaldsföngum í einangrun.

Skipulag gæsluvarðhaldsdeildar þarf að miða að því að hún geti annað hámarksálagi en geti jafnframt nýst sem best fyrir almenna afplánun. Rétt þykir að 16 klfar verði á gæsluvarðhaldsdeild en einnig verði a.m.k. ein íbúðareining með 8 klfum á móttöku- og skammtímadeild þannig úr garði gerð að þar megi vista gæsluvarðhaldsfanga í einangrun. Þannig gætu allt að 24 fangar verið samtímis í gæsluvarðhaldseinangrun sem er umfram það sem dæmi eru um hér á landi.

Til að ná sem bestri nýtingu á klfum gæsluvarðhaldsdeildar er mikilvægt að unnt sé að skipta deildinni upp í hluta og hver þeirra verði með fjórum klfum.

Gert er ráð fyrir að í gæsluvarðhaldsdeild verði tvær íbúðareiningar, hvor með átta klfum. Klfar á gæsluvarðhaldsdeild verða með baðherbergi. Hurðir á klfum opnast inn, nema á fjórum klfum. Einn kleri verður fyrir hreyfihamlaða. Fjórir klfar verða sérbúnir varðandi húsbúnað en aðrir verða með sama húsbúnaði og klfar á móttöku- og skammtímadeild.

Fyrirkomulag þarf að miðast við að unnt sé að nýta klfar gæsluvarðhaldsdeildar fyrir skammtí mavistun þegar álag leyfir slíkt. Til að ná hámarksnýtingu á klfum fyrir almenna afplánun þarf að vera mögulegt að skipta íbúðareiningum gæsluvarðhaldsdeildar í tvo hluta þannig að aldrei þurfi að hafa nema fjóra klfar ónotaða ef enginn er í gæsluvarðhaldseinangrun. Þeir fjórir klfar sem næstir eru yfirheyrsluherbergjum verða aldrei nýttir fyrir annað en gæsluvarðhald.

Gæsluvarðhaldsdeild og a.m.k. ein íbúðareining móttöku- og skammtímadeildar verða sveigjanlegar "í báðar áttir" þannig að nýta megi hluta móttöku- og skammtímadeildar fyrir gæsluvarðhaldsfanga þegar álag er óvenjulegt. Á sama hátt þarf að vera unnt að nýta gæsluvarðhaldsdeild að hluta fyrir skammtí mavistun.

Á gæsluvarðhaldsdeild þarf að hafa setustofur með eldhúskróki til að unnt sé að nýta deildina fyrir almenna skammtí mavistun. Mögulega væri hægt að nýta það rými sem líkamsræktarherbergi fyrir gæsluvarðhaldsfanga.

Tilheyrandi gæsluvarðhaldsdeild þurfa að vera tvö yfirheyrslu- og viðtalsherbergi, utan við sjálfar íbúðareiningarnar. Á deildinni þarf að vera sérstakt heimsóknarherbergi sem nýtt verður í þeim tilvikum þegar heimsóknir aðstandenda eru heimilaðar og fyrir viðtöl við prest eða lögfræðing.

Í góðum tengslum við gæsluvarðhaldsdeild þarf að vera öryggisklefi. Gera þarf ráð fyrir salerni inni í klefanum. Hurð á öryggisklefa skal opnast út.

Eðlilegt er að gera ráð fyrir að gæsluvarðhaldsföngum í einangrun verði gefinn kostur á að vinna léttu vinnu í klefunum. Til að það sé mögulegt þarf að gera ráð fyrir geymslu inni á deildinni þar sem geyma má efni og búnað vegna vinnunnar. Gera þarf ráð fyrir língeymslu fyrir gæsluvarðhaldsdeildina en hún þarf ekki að vera inni á deildinni.

Vegna rannsóknarhagsmuna má alls ekki sjást inn eða á milli útivistargarða þar sem gæsluvarðhaldsfangar eru.

3.7.3.4.2 Kvennadeild.

Sérstök deild skal vera í fangelsinu fyrir kvenfanga sem afplána skemmri eða lengri fangelsisrefsingu eða úrskurðaðir hafa verið í lausagæslu. Deildin verður jafnframt móttökudeild fyrir kvenfanga.

Ein íbúðareining með átta klefum verður fyrir kvenfanga en jafnframt verður unnt að nýta aðra íbúðareiningu með fjórum klefum fyrir kvenfanga þegar álag er mikið eða ef skipta þarf fangahópnum upp af einhverjum ástæðum.

Fangaklefar á kvennadeild verða af sömu stærð og gerð og aðrir fangaklefar en taka þarf tillit til sérþarfa kvenfanga. Meðal annars verði meira skáparými í klefum fangadeildar. Einn klefi verður fyrir hreyfihamlaða og verður hann nokkru stærri. Sá klefi gæti ef svo ber undir nýst fyrir kvenfanga með ungabarn.

Þar sem kvenfangar geta verið að afplána lengri fangelsisrefsingu er talið mikilvægt að kvennadeildin sé betur búin varðandi sameiginleg rými. Þannig er gert ráð fyrir að sérstakt rými verði fyrir tómstundastarf eða léttu vinnu inni á deildinni. Af sömu ástæðu er lögð áhersla á að kvennadeildin hafi góða útivistaraðstöðu. Afgirtur útigarður verður um 400 m² og innigarður verður sérstaklega ætlaður kvennadeild. Ekki verður hægt að sjá inn í innigarð frá öðrum deildum eða rýmum, t.d. með því að hafa matt gler í gluggum.

Vegna kvennadeildarinnar er sérstök þörf á því að í fangelsinu verði góð aðstaða til fjölskyldu og barnaheimsóknar. Líkamsræktaraðstaða þarf að taka tillit til þarfa kvenfanga hvað varðar val á tækjum.

3.7.3.4.3 Móttöku- og skammtímadeild.

Móttöku- og skammtímadeild verður einkum nýtt í þrennum tilgangi, til afplánunar á sex mánaða fangelsisrefsingu eða skemmri, til móttöku fanga sem afplána lengri fangelsisrefsingu og vegna vararefsinga. Ekki er gert ráð fyrir að kvenfangar verði vistaðir á móttöku- og skammtímadeild.

Líklegt er að verulegur hluti þeirra sem afplána sex mánaða fangelsisrefsingu eða skemmri afpláni hana á móttöku- og skammtímadeild. Annar tilgangur móttöku- og skammtímadeildar er að taka á móti föngum sem afplána lengri fangelsisrefsingu. Er áætlað að fangar séu vistaðir að meðaltali í þrjár vikur á móttökudeild áður en þeir fara í afplánun í öðrum fangelsum. Nýja fangelsinu er ætlað mikilvægt hlutverk varðandi afplánun vararefsinga. Það hlutverk fellur vel að öðrum markmiðum þar sem innköllun vegna vararefsinga má stýra í takti við nýtingu fangelsisins. Gert er ráð fyrir að fimm fangarými séu að jafnaði nýtt fyrir vararefsingarfanga. Áætlað er að alls þyrfti

um 37 rými að meðaltali yfir árið til að uppfylla þarfir fyrir móttöku- og skammtímaafplánun.

Þörf fyrir rými vegna móttöku- og skammtímaafplánunar verður uppfyllt á tvo vegu, í fyrsta lagi á móttöku- og skammtímadeild og í öðru lagi með nýtingu rýma á gæsluvarðhaldsdeild þegar aðstæður leyfa. Miðað við áætlun um nýtingu gæsluvarðhaldsdeildar verður unnt að nýta að meðaltali níu klefa á deildinni fyrir móttöku- og skammtímaafplánun. Ef gert er ráð fyrir 95% nýtingu fangaklefa þyrfti um 30 klefa á móttöku- og skammtímadeild til að uppfylla þarfir samkvæmt framansögðu.

Þrjár átta klefa íbúðareiningar og ein fjögurra klefa eining verða ætlaðar fyrir móttöku- og skammtímadeild. Auk þess verður ein fjögurra klefa íbúðareining nýtt sameiginlega með kvennadeild, eftir aðstæðum og álagi á deildirnar.

Allir klefar verða með baðherbergi. Gert ert ráð fyrir einum klefa fyrir hreyfihamlaða á móttöku- og skammtímadeild.

Í hverri íbúðareiningu þarf að vera sameiginlegt rými fyrir eldunaraðstöðu, borðstofu, setustofu og símahorn.

3.7.3.5 Fangaklefar.

Huga þarf að hönnun klefa með tilliti til öryggis, birtu og útsýnis úr klefa. Hann skal þannig úr garði gerður að yfirsýn fangavarda frá klefahurð sé sem best og innréttingum sé haganlega fyrir komið. Sjónræn tengsl úr klefum við umhverfið utanhúss eru mikilvæg þar sem miklar skorður eru á ferðafrelsi fanga innan fangelsislóðar. Ekki skal vera hægt að sjá út um glugga einangrunarklefa.

Allir fangaklefar eru eins manns klefar. Baðherbergi, með sturtu og salerni, verður í hverjum klefa. Á hverri deild verður einn klefi ætlaður hreyfihömluðum.

Að jafnaði verða klefar á gæsluvarðhaldsdeild eins og klefar á öðrum deildum. Þó er gert ráð fyrir að fjórir klefar verði sérútbúnir varðandi öryggisþætti (húsgögn og innréttingar fest tryggilega).

Gluggar og hurðir skulu vera í samræmi við framsettar kröfur í grein „8.3.2 Frágangur innveggja“ í byggingaráætlun (fylgiskjal K).

Klefar í móttökueiningu verða ekki með baðherbergi heldur salerni og handlaug í horni. Einn sérbúinn öryggisklefi verður í fangelsinu.

3.7.3.6 Heimsóknir og heimsóknaraðstaða.

Heimsóknaraðstaða þarf að vera sem næst aðalinngangi þannig að ekki þurfi að fara með heimsóknargesti langt inn í fangelsið. Aðkomu gesta þarf að skilja frá aðkomu fanga að heimsóknaraðstöðu. Frá heimsóknarherbergjum verður ekki útsýni að fangadeildum. Herbergin þurfa að vera vistleg, með snyrtingu og helst öllu stærri en venjulegur fangaklefi. Gert er ráð fyrir þremur heimsóknarherbergjum og einni íbúð í heimsóknaraðstöðunni. Hún skal hafa svefnkrók í stofu og litið barnahebergi. Íbúðin skal tengd garði þar sem koma má fyrir leiktækjum.

Reikna má með að í nýja fangelsinu verði að hámarki 45 fangar sem fá heimsóknir. Sérstök þörf er á góðri aðstöðu fyrir fjölskyldu- og barnaheimsóknir, vegna kvennadeildar.

Í fangelsinu þarf að vera aðstaða fyrir heimsóknir þar sem aðilar eru skildir að með gleri, „glerheimsóknir“. Gert er ráð fyrir að slík aðstaða sé tengd a.m.k. tveimur heimsóknarherbergjum. Þar þarf að vera búnaður sem gerir föngum og gestum þeirra kleift að ræða saman.

3.7.3.7 Vinna og nám.

Gert er ráð fyrir því að fangar á móttöku- og skammtímadeild stundi vinnu utan deildarinnar en gæsluvarðhaldsföngum í einangrun verði í einhverjum tilvikum gefinn kostur á að vinna léttu vinnu inni á klefum. Ekki verður um vinnu að ræða sem krefst mikilla tækja eða véla á verkstæðum, heldur léttu vinnu við samsetningar.

Að undanskildum kvenföngum verða fangar sjaldan meira en sex mánuði í afplánun í nýja fangelsinu. Nærtækt er að byggja upp einhverskonar fjarkennslu í samstarfi og tengslum við skóla og nýta internetið. Möguleikar til einkakennslu og stoðkennslu fyrir einstaklinga og litla hópa þarf einnig að vera fyrir hendi. Ekki er gert ráð fyrir að fangi sem afplánar fangelsisrefsingu í skamman tíma sæki skóla utan fangelsisins.

Aðstaða þarf að vera fyrir meðferð og ráðgjöf, bæði fyrir hópa og einstaka fanga.

3.7.3.7.1 Vinnurými.

Tveir vinnusalir verða í fangelsinu og geymslur við þá. Ekki verður lokað rými fyrir kaffistofu. Gert verði ráð fyrir að fangar fari inn á sína íbúðareiningu í hádegishléi.

Gert er ráð fyrir að fangar vinni við að þvo þvott fangelsisins, t.d. rúmfatnað gæsluvarðhaldsdeildar. Gera þarf ráð fyrir sérstöku rými miðsvæðis þar sem koma má fyrir tækjabúnaði til þvotta og þurrkunar.

3.7.3.7.2 Námsaðstaða.

Ekki liggur fyrir nákvæmt mat á fjölda þeirra fanga sem stunda nám í fangelsinu en lauslega áætlað gætu þeir orðið 7-10. Vel má hugsa sér að blanda saman námi og vinnu þannig að hluta dags séu fangar í námi en hluta í vinnu.

Aðstöðu til kennslu er eðlilegt að leysa með sameiginlegu rými. Það gæti samanstðið af litlu bókasafni með lestraraðstöðu fyrir 7-10 manns og einu herbergi þar sem unnt væri að veita allt að fjórum nemendum einkakennslu og leiðsögn. Bókasafn og kennsluherbergi verður einnig nýtt fyrir meðferðarstarf þegar um hópa er að ræða.

Gert er ráð fyrir að bókasafn og kennslustofa verði aðskilin með fellivegg þannig að sameina megj þessi tvö rými og nýta við sérstök tilefni t.d. fyrir samkomur.

3.7.3.8 Frístundaaðstaða.

Miðað er við að hver 8 klefa íbúðareining hafi að jafnaði sérstakt útivistarsvæði, sem verði 200-400 m² að stærð. Mögulega verður einnig sameiginlegt stærra svæði sem hluti fanga hefði aðgang að til útivistar. Gert er ráð fyrir að í tengslum við íbúðareiningar verði verandir afgirtar með grind eða neti. Fangar geti haft frjáls afnot af veröndum utan útivistartíma.

Gæsluvarðhaldsdeild þarf tvö aðskilin útirými, a.m.k. 40 m² hvort, sem mega vera aðliggjandi. Alls ekki má sjást inn eða á milli útivistarsvæða gæsluvarðhaldsdeildar vegna rannsóknarhagsmuna. Staðsetning og skipulag útirýmanna skal vera þannig að ekki sé hægt að kalla á eða bera boð til gæsluvarðhaldsfanga í einangrun. Þau mega ekki vera aðliggjandi að útivistarsvæðum annarra fanga.

Gert verður ráð fyrir sparkvelli, 18*33 m² að stærð, utan afgirtra útivistarsvæða en innan fangelsisgirðingar. Hann verði staðsettur sem lengst frá gæsluvarðhaldsdeild. Hluti fanga hefði aðgang að sparkvellingnum. Á öllum útivistarsvæðum, öðrum en innigörðum, skal vera körfuboltakarfa með u.þ.b. 30 m² á svæði með föstu yfirborði.

Kvenfangar geta verið í lengri afplánun. Gera þarf ráð fyrir betri aðstöðu til tómstundastarfa á kvennadeild heldur en á öðrum deildum. Stærð þess þarf að vera a.m.k. 400 m². Innigarðar verða einnig nýttir til útivistar og sérstaklega er gert ráð fyrir

að kvennadeild hafi slíkan garð til afnota. Keppendur skulu líta til sérþarfa kvenna við hönnun útisvæða þeirra en farið er fram á meiri fjölbreytni þar vegna lengri afplánunartíma þeirra.

Gera skal ráð fyrir líkamsræktarherbergi fyrir með hlaupabretti, hjóli og æfingastöð en án lyftingatækja. Ekki er þörf á baðaðstöðu í tengslum við líkamsræktarherbergi. Geymsla verður tengd líkamsræktarherbergi.

3.7.3.9 Stjórnunar- og starfsmannaaðstaða.

Skipulag fangelsins verður þannig að starfsmönnum og föngum sé mögulegt að eiga persónuleg samskipti. Nauðsynlegt er við allar aðstæður að tryggja öryggi starfsmanna. Það er m.a. gert með samskipta- og öryggiskerfi og eftirlitsmyndavélum sem ná til allra sameiginlegra rýma í fangelsinu og eru stöðugt vaktadar.

Stjórnunaraðstaða þarf að vera í eins mikilli nálægð og hægt er við inngangseftirlit þannig að gestir sem þurfa að fara á fund eða ræða t.d. við forstöðumann þurfi ekki að fara langt inn í fangelsið. Allir sem eiga erindi í stjórnunaraðstöðu þurfa að fara í gegnum leitarhlið. Miðlæg stjórnsýsla fangelsisins verður lítil og gert er ráð fyrir að varðstjórar hafi vinnuaðstöðu sína í aðalvarðstofu.

Fundaherbergi og borðstofa með eldunarkrók skal vera við stjórnunaraðstöðu. Felliveggur verði milli fundaherbergis og borðstofu þannig að unnt verði að nota þau t.d. vegna starfsmannafunda.

Starfsmannaaðstaða skal vera sem næst aðalinngangi. Þar þurfa að vera búningsherbergi með góðum skápum, sturtum og snyrtingum. Gera má ráð fyrir að um 15-20 starfsmenn nýti búningsherbergin. Herbergi fyrir líkamsrækt verður við búningsherbergin.

3.7.4 Starfsemlýsing.

3.7.4.1 Almennt um skipulag og starfshætti.

Um daglegt skipulag og starfshætti í fangelsinu.

Með umfjöllun um reglur, störf og almenna rútínu í fangelsinu, varðandi starfsmenn og fanga, er átt við það sem framkvæmt er daglega varðandi vistun fanga, Hvaða reglur gilda um þá og skyldur þeirra inni í fangelsinu, inni á deild og klefa, á vinnustað/stöðum fangelsisins, í tómstundum, þegar heimsóknir eru, útivist, viðtöl, leit (eftirlitsaðgerðir) o.s.frv.

Ramminn er sóttur í lög nr. 49/2005 um fullnustu refsinga og reglur og reglugerðir sem af þeim eru leiddar, ásamt húsreglum og skriflegum fyrirmælum. Fangelsi sem nú eru í rekstri eru til viðmiðunar. Sett er lýsing í húsreglur fangelsa á venjubundinni daglegri rútínu innan fangelsis sem tekur mið af vistunaraðstöðum fanga (einangrun gæsluvarðhalds, afplánun, lausagæsla) og hvers konar deild viðkomandi fangi er á hverju sinni. Almennar reglur ná yfir allt fangelsið en síðan geta verið sérstakar undirreglur eftir deildum. Þarna stendur hvenær fangar eru vaktir á morgnana og klefar opnaðir, hvenær kaffi- og matartímar eru, símatímar, lyfjatímar og fleira, og hvenær aftur er læst inni fyrir nóttina. Þar er getið umferðar/umgengni starfsmanna inni á deildum og hvaða verkum þar er sinnt, þarna eru einnig reglur um heimsóknarpantanir heilbrigðisþjónustu, prestsþjónustu, afhendingu muna og sendinga til fanga, pantanir viðtala við yfirmenn og sérfræðinga o.s.frv.

Reglur um framgöngu og umgengni fanga í fangelsinu taka mið af eðli vistunar eins og áður sagði. Það er til dæmis ljóst að á gæsluvarðhaldsdeild, þar sem fangar eru í einangrun, þarf umgengni að vera mjög í takt við þær öryggisreglur sem um slíka vistun gilda svo ekki sé hætt á að mál spillist sem eru til rannsóknar. Einnig er

eðlilegt að við móttöku fanga og á “móttökudeild”, þar sem fangar eru vistaðir við upphaf afplánunar, sé viðhaft nákvæmara eftirlit sem felst fyrst og fremst í meiri aðgæslu fangavarða. Eins má ætla að deildir þar sem vistaðir eru einstaklingar sem lítil hætta stafar af þarfnist að öllu jöfnu lágmarkseftirlits.

Þá má geta þess að einn liður í sveigjanleika nýs fangelsis hlýtur að felast í því að eftirlit fangavarða geti færst til eftir þörfum hverju sinni. Fangaverðir eiga að fylgja fangahópnum og þeirri virkni sem hann tekur þátt í. Ef fangar eru færðir út af deildum og á vinnusvæði eða í skóla þá er ekki þörf á fangavörðum inni á þeim deildum sem tæmast. Að næturlagi, þegar búið er að læsa fanga inni, er gert ráð fyrir lágmarksgæslu fangavarða, sem að mestu er bundin við stjórnstöð og síðan eru aðilar til taks til að svara kalli ef eitthvað kemur upp á. Hvernig slíkt skipulag kemur til með að virka er erfitt að segja á þessari stundu, það er háð hugmyndum um innra skipulag fangelsisins og hvernig svæðið verður nýtt.

Sveigjanleiki.

Deildir og rými skal skipuleggja þannig að með tiltölulega lítilli fyrirhöfn megi breyta notkun þeirra eftir mismunandi samsetningu fangahópsins. Ef enginn er í einangrun þá er einangrunardeildinni lokað eða hluti hennar tekinn undir fanga í afplánun. Ef margir eru í einangrunarvist þá á að vera hægt að taka nærliggjandi íbúðareiningar til bráðabirgða undir einangrun. Sama gildir varðandi fjölda í lausagæslu eða afplánun. Meðal annars þess vegna er mikilvægt að hver íbúðareining sé aðeins 4-8 klefar.

Þegar rými sem notuð verða fyrir fangavinnu, nám og tómstundir eru skipulögð þarf einnig að taka með í reikninginn þörf fyrir sveigjanleika og það að hugsanlega þurfi að nota rýmið fyrir mismunandi hópa fanga án þess að þeir nái sambandi hver við annan. Mikilvægt er að vinnuherbergi séu skipulögð þannig að þar megi vinna verkefni eftir þörfum hverju sinni en varasamt er að binda vinnuna við verkefni sem krefjast flókins búnaðar.

3.7.4.2 Fangar og fangavist.

Fangahópurinn.

Áður en lengra er haldið skal í stuttu máli gerð grein fyrir samsetningu fangahópsins sem mun að öllu jöfnu verða í fangelsinu. Eins og fram hefur komið er ætlunin að byggja fangelsi fyrir 56 fanga sem gegnir í meginatriðum tvenns konar hlutverki: Gæsluvarðhaldsfangelsi og afplánunarfangelsi. Gæsluvarðhaldið skiptist í tvennt, þá fanga sem þurfa að vera í einangrun vegna rannsóknarhagsmuna ákærvalds og svo þá fanga sem eru í svonefndri lausagæslu, þ.e. eru í gæsluvarðhaldi (óðæmdir) en ekki er lengur þörf á að hafa í einangrunarvistun. Þessir fangar geta verið bæði karlkyns og kvenkyns (eins og fangarnir í einangrun) en eiga ekki að vera saman á deild.

Gæsluvarðhaldsfangar í lausagæslu eiga, sé þess kostur, ekki að vera vistaðir á sömu íbúðareiningum og fangar sem eru að afplána fangelsisdóm eða vararefsingu (sektarafplánun). Gera verður ráð fyrir að stór hluti fangelsisins verði lagður undir venjulega afplánunarfanga, suma sem eru að hefja afplánun refsivistardóms eða vararefsingar og eru að bíða eftir að verða sendir í önnur fangelsi, - og aðra sem afplána allan dóm sinn í fangelsinu og þá er sérstaklega átt við styttri dóma.

Einna mestu máli skiptir í þessu samhengi að í fangelsinu verði mikill sveigjanleiki varðandi skiptingu í einingar, sérstaklega varðandi klefafjölda sem nýta má undir gæsluvarðhald annars vegar og afplánun hins vegar. Sveiflur í fjölda gæsluvarðhaldsfanga eru vel þekktar. Gert er ráð fyrir að fjórir klefar í fangelsinu verði eingöngu einangrunarklefar auk þess sem einn til viðbótar er skilgreindur sem sérstakur öryggisklefi með þar til gerðum búnaði. Þannig að á gæsluvarðhaldsdeild verða samtals 5 klefar sem eingöngu eru nýttir til einhvers konar einangrunar. Auk

Þess er gert ráð fyrir að unnt sé að taka allt að 16 klefa til viðbótar undir einangrunarvistun ef skyndileg þörf skapast fyrir að einangra fjölmennan hóp vegna rannsóknarhagsmuna. Einnig þarf að vera sveigjanleiki á hinn veginn, þ.e. ef lítil þörf er fyrir einangrun þá sé sjálfgefið að klefarnir nýtist til venjulegrar afplánunar, að undanskildum þeim 5 klefum sem áður var getið.

En hvernig má flokka í grófum dráttum þá fanga sem koma til með að vistast í fangelsinu? Það er erfitt að lýsa hópnum nákvæmlega en kannski hægt að gefa breiða mynd af einkennum og/eða brotaflokkum fangahópsins og greina um leið hvernig ætla má að þeir verði meðhöndlaðir við komu í fangelsið.

Karlkynsfangar verða í miklum meirihluta bæði í afplánun refsivistardóma og í gæsluvarðhaldi. Konur í fangavist munu verða í gæsluvarðhaldi, sumar í einangrun en aðrar í svonefndri lausagæslu. Enn fremur verða konur með styttri refsivistardóma í afplánun á kvennadeildinni og gera verður ráð fyrir að konur með langa refsíðóma afpláni þá í nýja fangelsinu. Aldursdreifing hópsins verður væntanlega svipuð og annarsstaðar, þ.e. frá 19 ára til sjötugs og mikill meirihluti fanganna verður á aldursbilinu tvítugt til fertugs. Flestir sem þarna vistast munu líklega staldra fremur stutt við. Þeir sem úrskurðaðir hafa verið í gæsluvarðhald vegna rannsóknar afbrotamála eru frá nokkrum dögum upp í einhverja mánuði. Reikna verður með að fangar sem koma í afplánun fari margir hverjir í önnur fangelsi eftir viðdvöl í nýja fangelsinu. Aðrir afplánunarfangar afplána dóma sína í fangelsinu, sérstaklega ef þeir eru stuttir. Það að fangelsið er mikið deildarskipt og sveigjanlegt mun auðvelda að vista fanga saman sem tilheyra svipuðum flokki, þ.e. þeir sem eru harðari og vanari brotamenn vistast saman en óreyndari fangar saman. Þetta getur líka átt við um einstaka brotaflokk, t.d. kynferðisbrotamenn. Einnig getur komið sér vel að geta skermað af fangahópa sem eiga við mikinn vímuefnavanda að etja og hafa ítrekað orðið uppvísir að smygli og neyslu vímuefna í fangelsum.

3.7.4.3 Daglegir starfshættir.

Dagur fangans hefst kl. 08:00 þegar fangavörður opnar klefann, ávarpar fangann og gengur úr skugga um að allt sé í lagi. Fangi sem er í afplánun eða lausagæslu hefur síðan ákveðinn tíma (t.d. til kl. 09:00) til að þvo sér, klæða og borða morgunverð áður en hann fer til vinnu eða í skóla eða sinnir öðru sem ætlast er til. Fangarnir yfirgefa þannig klefa sína og eftir atvikum deildir kl. 09:00 og síðan fer það eftir aðstæðum (vinnu, skólatíma, útivist o.fl.) hvort og hvenær þeir eru á deildinni eða annarsstaðar. Ákvörðun um matmálstíma fanga í hádegi og síðdegiskaffi þarf að liggja fyrir í þessu samhengi vegna þess að gera þarf ráð fyrir að afplánunar- og lausagæslufangar borði inni á eigin deild. Gera má ráð fyrir að á flestum íbúðareiningum sjái fangarnir sjálfir um eigin matseld. Skipulag á því er ákvörðunaratriði og fer eftir aðstæðum og aðbúnaði í fangelsinu. Einnig er spurning hvað gera skal við þá einstaklinga (afplánunar- og lausagæslufanga) sem ekki eru vinnufærir, eru ekki í skóla eða öðru. Gæsluvarðhaldsfangar í einangrun og aðrir fangar í einangrun skv. sérstökum úrskurði eru hins vegar inni á sínum klefa allan sólarhringinn að undanskildum einum klukkutíma á dag sem er lögboðin útivist, í einrúmi í þar til gerðum garði.

Það er m.a. hlutverk fangavarða að fylgjast með ferðum fanga til og frá vinnustað eða skóla og öðrum ferðum út af deild. Þetta á einnig við um viðtöl, heimsóknir, yfirheyrslur og önnur atriði sem til greina koma í rútinu fangelsisdagsins. Það er því ákaflega mikilvægt að eftirlitskerfi starfsmanna sé vel skipulagt og virkt vegna þess að í öllum tilvikum eiga þeir (vaktin) að vita nákvæmlega hvar hvern fanga er að finna og geta gert grein fyrir því í hvaða starfi eða viðtali viðkomandi fangi er. Eftir ákveðinn tíma, þegar fangar eru komnir aftur á deild, þurfa fangaverðir að fylgjast nákvæmlega með og telja að allir fangar séu komnir á sinn stað. Sama rúтина gildir um allar tilfærslur fanga út og inn af deildum hvort sem um er að ræða vinnu, útivist, viðtöl eða

eitthvað tengt tómstundastarfi utan deildar. Það sem fram fer inni á deildinni snýr mest að samskiptum milli fanganna sjálfra. Þar verður að koma upp ákveðnu skipulagi varðandi hreinlæti og snyrtingu, tiltekt á klefa, þvott fatnaðar og rúmfata, pantanir í verslun, matseld og aðra sjálfsumsjón. Meginatriði er að í hverri íbúðareiningu eru nokkrir fangar saman (8 klefar) sem hafa samgang sín á milli þegar klefar eru opnir og hafa aðgang að þeim búnaði sem tengist deildinni (ísskápur, eldunarbúnaður, sameiginlegt sjónvarp o.fl.). Fangarnir hafa lykil að klefahurð þannig að þeir geta læst klefa sínum á eigin forsendum, t.d. á vinnutíma, en fangaverðir nota síðan aðra traustari læsingu til að loka klefnum að næturlagi. Fangar fara ekki sjálfir út af deild, heldur þarf leyfi og umsjón fangavarða til að fara í eitthvert erindi út af deildinni.

Afnot af íprótta- og tómstundaaðstöðu verða líka að vera undir nákvæmri yfirsýn fangavarða. Í fangelsi þar sem deildarskipting er greinileg þarf að skipuleggja daglega umgang (ferðir) fanga, s.s. afnot af ípróttasal, útivistarsvæði, vinnurými og tómstundaaðstöðu. Vegna öryggis þarf að fylgjast með föngum í útivist að nokkru marki og vita nákvæmlega hversu margir eru úti í einu. Mikilvægt er í sambandi við hönnun fangelsisins og svæðisins í heild að það sé svo tryggilega frágengið að fangaverðir þurfi ekki að hafa stöðugar áhyggjur af flótta. Áherslur við eftirlit með fangahópnum þurfa að beinast að öðru en hræðslu um að fangar hlaupi yfir girðingar.

Fangar geta pantað heimsóknir fjölskyldu og aðstandenda samkvæmt reglugerð og fá þá einkaheimsókn inn á þar til gert heimsóknarherbergi. Einnig er gert ráð fyrir aðstöðu til snertingarlausra heimsókna (*glerheimsókn*). Fangi á rétt á einni heimsókn á viku í amk. tvo tíma í senn. Fyrir utan venjulega heimsóknargesti geta verið á ferð innan múranna ýmsir aðilar í margvíslegum erindagjörðum. Nefna má heilbrigðisstarfsmenn, iðnaðarmenn, lögmenn, lögreglu, sérfræðinga, fræðimenn, kennara og aðra sem t.d. fangelsisstjórnin fær í heimsókn. Á venjulegum degi þegar allt er á fullu geta því verið nokkuð margir á ferð innan fangelsisins, e.t.v. rúmlega 50 fangar, 10 fangelsisstarfsmenn og 5-6 aðrir sem á einhvern hátt eiga erindi við fangana. Þetta er kannski hópur sem telur í heild um 70 manns svo að brýnt er að daglegt eftirlit og skipulag sé í hæsta gæðaflokki. Einnig er mikilsvert að skipulag fangelsisins í heild sé með þeim hætti að það auðveldi þá nauðsynlegu yfirsýn sem á þarf að halda. Um helgar, þegar ekki er vinna/skóli, eru fangar mikið til inni á eigin deild fyrir utan útivist hluta dags (sem getur verið mislöng eftir árstíðum). Þá er ekki síður nauðsyn að fangaverðir eigi auðvelt með að hafa eftirlit með einstökum deildum til að fyrirbyggja agabrot sem upp kunna að koma. Ljóst er að einnig verður að nýta helgar og frídaga til einhverra verka, s.s. tómstundastarfs, heimsókna og annars, þótt á þeim tímum eigi að reyna að halda mannaflapörf í lágmarki.

Fangelsisdeginum lýkur á því að kl. 22:00 eru fangar læstir inni, hver á sínum klefa og síðan yfirgefur hluti starfsmanna vaktpósta sína þegar fangelsið er komið í ró og næturvaktin, sem að meginhluta fer fram í stjórnstöð, tekur við. Þetta þýðir að meðan á þessum innilokunartíma stendur er fangelsið allt í umsjón þriggja fangavarða. Þeir bera ábyrgð á eftirlitinu, á móttöku fanga, sendinga, símtala og skilaboða og sinna vaktskyldu á öllum deildum ef eitthvað gerist. Þeir ganga eftirlitsferðir og svara kalli ef fangi hringir bjöllu á klefa sínum. Að morgni, kl. 08 eru fangar síðan ræstir og klefar opnaðir á ný.

3.7.4.4 Starfsmenn og starfsumhverfi.

Starfsmenn.

Að stærstum hluta eru starfsmenn í fangelsinu fangaverðir á vöktum og aðrir starfsmenn í dagvinnu. Fangaverðir sjá um eftirlit, umsjón og þjónustu á deildunum og öðrum mismunandi stöðum innan fangelsisins, s.s. í stjórnstöð, heimsóknardeild, á útivistarsvæði o.s.frv. Meðal verkefna þeirra er eftirlit og öryggi í fangelsinu og síðan

önnur fagleg atriði í samskiptum við fanga, aðstoða þá og styðja ef eitthvað er í ólagi, sjá um margs konar umsóknir, aðstoð vegna tómstundaverkefna, íþróttaiðkunar, útivistar og annars sem fangar eru hvattir til að gera í fangavistinni. Fangaverðir eru í tvíþættu hlutverki gagnvart föngunum, þeir eiga að hafa eftirlit og grípa inn í aðstæður ef fangi fer ekki að reglum og brýtur af sér, en þeir eiga einnig að vera stuðningsaðilar, hjálpa föngum og styðja þá innan eðlilegs samskiptaramma í fangelsinu. Verkstjórar hafa umsjón með fangavinnu og því sem henni tengist.

Fyrir utan fangaverði og verkstjóra koma ýmsir aðrir starfsmenn að umsýslu á staðnum, ýmist í beinum eða óbeinum tengslum við fangahópinn. Sumir þeirra hafa þjálfun og menntun sem fangaverðir, aðrir ekki. Nefna má kennara í skóla fyrir fanga, skrifstofufólk, yfirstjórn, heilbrigðisstarfsmenn, meðferðaraðila og ráðgjafa, prest o.s.frv.

Ekki hefur nákvæmlega verið fastslegið hver þörfin muni verða í starfsmannahaldi hins nýja fangelsis, en talað hefur verið um u.þ.b. 20 stöður fyrir utan heilbrigðisstarfsmenn og aðra sérstaka aðila. Svo er einnig með skiptingu vinnutíma og þess háttar í smáatriðum þótt í dag megi gera ráð fyrir svipuðu fyrirkomulagi og nú er, þ.e. 12 tíma tvískiptum vöktum og síðan dagvinnu fyrir verkstjóra og aðra sem sinna ekki beinni fangavörslu.

Starfsumhverfi.

Eins og fram kemur hér á undan skiptir miklu að starfsumhverfi í fangelsinu sé vel skipulagt og umgjörðin starfsvæn og vinni með því hlutverki sem fangelsinu er ætlað að þjóna. Í fangelsisstarfi á að leggja mikið upp úr skipulögðum vinnubrögðum og að starfsmenn nái að vinna markvisst að gæslu og umönnun fanga. Umhverfið verður því að gefa ákveðna svörun gagnvart þeim hugmyndum sem uppi eru í málaflokknum, t.d. hvað varðar samskipti annars vegar og svo þörf fyrir einangrun hins vegar. Einnig spila inn í þetta þættir eins og skjót viðbrögð vegna hættu, öryggi starfsmanna og fanga og ýmiss konar samskiptaleiðir eða hindranir. Staðsetning starfsmannarýma (vaktpósta), aðbúnaður, boðleiðir og vistvænt umhverfi, ásamt samspili ytra og innra öryggis eru þættir sem óhjákvæmilegt er að taka með í reikninginn við hönnun fangelsis af þessu tagi. Einnig þarf að gæta að því að uppfylla hvers konar staðla heilbrigðis- og vinnueftirlits í sambandi við hönnun rýma, hvort sem um er að ræða klefa, varðstofur, mötuneyti, salerni, verkstæði eða annað tilheyrandi.

Kannski skiptir mestu að fangelsið sé hannað og byggt samkvæmt þeim kenningum sem nú tíðkast, að í refsivist einstaklinga eigi að felast tækifæri til að bæta ráð sitt. Til að svo megi verða þurfa aðstæður að vera góðar bæði fyrir starfsmenn og fanga. Það verður best gert með því að starfsumhverfi og vistunarrými myndi heild sem stuðlar að jákvæðum vinnubrögðum.

3.7.4.5 Öryggismál.

Öryggisstaðlar (statískt og dynamískt öryggi).

Öryggisstaðal fangelsis er hægt að skilgreina út frá því á hvern hátt ytra (statískt, fast) og innra (dynamískt, sveigjanlegt) öryggi samtvinnast í fangelsinu í því skyni að:

- Halda uppi “eðlilegri þvingun” innan svæðisins.
- Fyrirbyggja flóttu út úr fangelsi eða.
- Verjast árás inn í fangelsið.

Sams konar viðmið er líka hægt að nota varðandi það til hversu mikils öryggis starfsmenn finna við vinnu sína eða fangar finna gagnvart samföngum sínum.

Við hönnun fangelsis skal skoða vel gögn um stök og stroktilraunir til að leitast við að útiloka sem flesta möguleika á flótt. Sérstaklega skal gæta að ytri mörkum girðingar eða múrs og helgunarsvæðinu þar fyrir utan og innan (perimeter). Í fangelsum sem skilgreind eru sem lokuð (hér á landi gildir það um 4 af 6 fangelsum) eiga fangar ekki undir neinum kringumstæðum að ná að flýja út fyrir girðinguna. Hár öryggisstuðull ytri umgjarðar er æskilegur vegna þess að hann gefur tækifæri til að veita nokkurt *frelsi* innan fangelsissvæðis, t.d. í sambandi við útivist fanga án þess að orka starfsmanna fari í að óttast það að einhver muni strjúka.

Öryggi svæðisins er undirstrikað með því að hafa aðeins eina inn- og útgönguleið gegnum vaktahlið, bæði hvað varðar gangandi einstaklinga og bifreiðar, sem stýrt er frá hliðvakt og/eða stjórnstöð. Aðgangsstjórnunin á að ná til allrar umferðar inn og út úr fangelsinu bæði með mannlegu og tæknilegu eftirliti. Það sama gildir um afhendingu og útkeyrslu varnings.

Sveigjanlega öryggið, sem skapast með nærveru og skipulögðu eftirliti starfsmanna, ásamt jákvæðum samskiptum þeirra við fangahópinn, er lykilþáttur í heildaröryggismálum fangelsisins. Þetta á bæði við um fyrirbyggjandi aðgerðir og leiðir til að verja starfsmenn og samfanga gagnvart ógn á hættustund. Samspil bygginga og rýma á að vera með þeim hætti að það styðji sveigjanlega öryggisþætti með því að auðvelda daglega rútínu í störfum fangavarða. Statískt og dýnamískt öryggi eiga að virka sem ein heild.

Öryggi starfsmanna og fanga.

Til að draga úr hættu á árekstrum og hugsanlegri valdbeitingu milli fanga innbyrðis eða milli fanga og starfsmanna þarf að gera ráð fyrir að hugað verði sérstaklega að hlutverki fangavarða og annarra starfsmanna inni í fangelsinu. Útgangspunkturinn er sá að starfsmenn séu sýnilegir og hafi eftirlitsskyldu inni á deildunum þegar fangar eru þar og einnig meðal fanganna þegar þeir eru við vinnu, nám eða annað. Í þessu samhengi er einnig mikilvægt að starfsmenn beri á sér þróaðan samskiptabúnað til að gera viðvart ef upp kemur einhvers konar ógnun. Starfsmenn þurfa að vera þjálfaðir í að bregðast við erfiðum aðstæðum, bæði hvernig best er að komast hjá því að grípa til þvingunaraðgerða og líka hvernig á að beita þvingun. Huga verður vel að undankomuleiðum fangavarða út af deildum eða öðrum rýmum ef staðan er sú að önnur úrræði bregðast.

Umhverfis fangelsið, á öllum svæðum utandyra, á lýsing vera í hæsta gæðaflokki og byggingar, lóð og umhverfi á að vera vaktahlið með myndavélum og skynjurum eftir því sem við á. Einnig eiga að vera myndavélar á fangagöngum, í sameiginlegum rýmum og á mikilvægum tengisvæðum. Öryggisbúnaður á hverjum klefa samanstendur m.a. af reykskynjara, bjölluhnappi og innanhússkallkerfi til stjórnstöðvar.

Dyraumbúnaður, læsinga- og lásakerfi þarf að vera einfalt, skilvirkt og traust. Það verður að innihalda eftirlitspátt sem gerir starfsmönnum kleift að meta með skjóttum hætti hvort lykill hefur glatast eða hvort eitthvað annað hafi farið úrskeiðis. Að næturlagi á að fara í gang aðvörunarkerfi sem nemur hljóð og hreyfingu á fangadeildum þannig að óróleika eða hugsanlegra stroktilrauna verði strax vart í stjórnstöð. Sérstaklega þarf að gæta vel að tækniatriðum búnaðar til eftirlits á einangrunardeildum í sambandi við ferðir fangavarða til að svara gæsluvarðhaldsföngum, sem einangraðir eru á klefa sínum. En við slíkar aðstæður ber að gæta sérstaks öryggis.

Hættuástand.

Þegar talað er um hættuástand er átt við atvik eins og innbyrðis slagsmál fanga, flóttatilraun, árás á fangaverði, sjálfsvígstilraun, íkveikju eða annað. Mjög mikilvægt er að starfsmenn fái sem fyrst yfirsýn yfir atburði og geti brugðist skjótt við og komist á staðinn þar sem ástandið hefur skapast. Í slíkum tilvikum getur verið nauðsynlegt, um

lengri eða skemmri tíma, að loka fanga inni á klfum sínum, annað hvort alla eða þá sem eru á viðkomandi deild(um). Þetta er gert til að ná stjórn á aðstæðum í öryggisskyni og þýðir að fangar geta ekki tímabundið farið ferða sinna eða verið samskiptum eins og venjulega á deild eða í sameiginlegu rými, nema fangavörður opni klefadyrnar og hleypi viðkomandi út og fylgi honum þangað sem hann á að fara. Rými og skipulag í hönnun fangelsisins þarf að styðja öryggiskröfur af þessu tagi og liðka fyrir þannig að fangaverðir geti brugðist skjótt við aðstæðum ef vandræði skapast.

3.7.4.6 Nánari upplýsingar.

Ýmsar gagnlegar upplýsingar er að finna á vef Fangelsismálastofnunar, www.fangelsi.is, og er vísað til hans hér.

3.8 Húsrýmisáætlun.

Fangelsið skal hanna í samræmi við samkeppnislýsingu.

Í grein „3.8.2 Rýmistafla“ eru áætlaðar nettóstærðir helstu rýma. Keppendum er heimilt að víkja frá stærðum einstakra rýma telji þeir tilefni til (sbr. grein „3.8.1“). Í þeim tilvikum skal færa rök fyrir breytingum í greinargerð. Hámarksstærð byggingar er þó bundin samanber 1. mgr. í grein „3.8.1 Brúttó- og nettóstærðir rýmistafla“.

3.8.1 Brúttó- og nettóstærðir, rýmistafla.

Brúttóstærð fangelsins verður að **hámarki** 3.700 m². Í brúttófermetratölu er allt rými byggingarinnar þar með talið allt gangarými, anddyri, forstofa, geymslur, tæknirými, inn- og útveggir.

Nettóflatarmál byggingar er samanlagt nettóflatarmál einstakra rýma (gólfflatarmál mælt milli veggja).

Farið er fram á að keppendur skili rýmistöflu (sjá grein „3.8.2 Rýmistafla“) er sýni brúttóstærð byggingarinnar og nettóstærðir allra helstu rýma. Jafnframt geri þeir grein fyrir flatarmáli umferðarrýmis (ganga, anddyris, forstofu o.fl) að viðbættu grunnflatarmáli inn- og útveggja, og reikni það sem prósentuhlutfall af nettóflatarmáli.

Í húsrýmisáætlun er gefið upp nettóflatarmál rýma. Undanskilin eru umferðarrými (gangar) og tæknirými sem hýsa rekstrarleg tæki og samstæður í mannvirkinu (inntaksklefar, herbergi fyrir loftræsisamstæður, mæla- og töfluherbergi), önnur en þau sem sérstaklega eru tilgreind í húsrýmisáætlun.

Nettóflatarmál hvers einstaks rýmis skal eigi vera minna en 95% af þeirri tölu sem tilgreind er í húsrýmisáætlun. Nettóflatarmál alls skal eigi vera minna en 97% af heildar-nettóflatarmáli húsrýmisáætlunar.

Sem fyrr segir eru gangar undanskildir í húsrýmisáætlun. Gangar skulu að jafnaði vera minnst 160 sm breiðir, þannig að unnt sé fyrir tvo fangaverði að ganga með fanga á milli sín eftir ganginum en gangur í heimsóknaraðstöðu má þó vera 130 sm breiður þar sem slíkar aðstæður geta ekki komið upp þar.

3.8.2 Rýmistafla.

Rýmistöflu þessa skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun um stærð rýma. Tilgreindar stærðir í rýmistöflu eru lágmarksstærðir.

Keppendur skulu gera grein fyrir brúttó- og nettóstærðum með hliðsjón af neðangreindri töflu:

Rými Deild, herbergi	Fjöldi	Nettó, lágmarks- stærð m²	Samtals rými m²	Samtals deild m²
Aðalinngangur				
Anddyri				
Biðstofa gesta	1	20	20	
Hliðvarðstofa	1	16	16	
Geymsla fyrir lykla og öryggisbúnað	1	9	9	
Herbergi með leitarhliði	1	48	48	
Leitarherbergi	1	12	12	105
Heimsóknaraðstaða				
Heimsóknaríbúð	1	42	42	
Heimsóknarherbergi	3	12	36	
Rými vegna glerheimsókna	2	6	12	90
Vörumóttaka og geymslur				
Rými til vörumóttöku og -afhendingar	1	18	18	
Farangursgeymsla fanga	1	16	16	
Geymsla fyrir öryggis- og varnarbúnað	1	9	9	43
Móttökueining				
Móttaka/biðstofa	1	16	16	
Snyrting/sturta	1	7	7	
Biðklefar	2	7	14	
Pvagprufuherbergi	1	8	8	
Ræsting	1	4	4	49
Starfsmannaaðstaða				
Snyrtingar, sturtur	2	9	18	
Búningsherbergi karla	1	16	16	
Búningsherbergi kvenna	1	16	16	
Líkamsræktaraðstaða	1	38	38	88
Stjórnunaraðstaða				
Forstöðumaður	1	16	16	
Fjármál, bókhald	1	16	16	
Skjalageymsla	1	14	14	
Ljósritun, geymsla	1	8	8	
Tölvunetþjónar, símsstöð	1	12	12	
Fundaherbergi, setustofa starfsmanna	1	32	32	
Borðstofa, eldunarkrókur	1	24	24	
Snyrtingar karla/kvenna með fatahengi	1	24	24	
Ræsting og geymsla	1	6	6	152
Aðalvarðstofa				
Varðstofa með kaffikrók og vinnustöðvum	1	72	72	
Tæknirými	1	12	12	
Snyrtingar	2	5	10	94
Heilbrigðisþjónusta og ráðgjöf				
Herbergi læknis og hjúkrunarfræðings	1	18	18	

Rannsóknir	1	10	10	
Geymsla	1	8	8	
Viðtalsherbergi sérfræðinga	2	15	30	66
Gæsluvarðhaldsdeild				
Fangaklefar með snyrtingu og sturtu	15	12	180	
Fangaklefi fyrir hreyfihamlaða m. snyrt. og sturtu	1	16	16	
Öryggisklefi	1	22	22	
Setustofa með eldunarkrók	2	22	44	
Ræsting og geymsla	1	8	8	
Geymsla vegna vinnu fanga	1	12	12	
Yfirheyrslu- og viðtalsherbergi	2	12	24	
Heimsóknarherbergi	1	12	12	
Snyrtingar	2	6	12	330
Móttöku- og skammtímadeild				
Fangaklefar með snyrtingu og sturtu	27	12	324	
Fangaklefi fyrir hreyfihamlaða m. snyrt. og sturtu	1	16	16	
Borðstofa með eldhúsi, 4 klefa eining	1	18	18	
Borðstofa með eldhúsi, 8 klefa eining	3	26	78	
Ræsting/geymsla	4	6	24	460
Kvennadeild				
Fangaklefar með snyrtingu og sturtu	7	12	84	
Fangaklefi fyrir hreyfihamlaða m. snyrt. og sturtu	1	16	16	
Borðstofa með eldhúsi	1	26	26	
Tómstundaherbergi	1	20	20	
Ræsting og geymsla	1	8	8	154
Íbúðareining, breytileg notkun				
Fangaklefar með snyrtingu og sturtu	4	12	48	
Borðstofa með eldhúsi	1	18	18	
Ræsting og geymsla	1	6	6	72
Kennsluhúsnæði				
Bókasafn með lestraraðstöðu	1	42	42	
Kennslustofa	1	22	22	64
Aðstaða fyrir vinnu fanga				
Vinnusalur 1 með geymslu	1	60	60	
Vinnusalur 2 með geymslu	1	42	42	
Ræsting	1	6	6	108
Líkamsræktaraðstaða				
Tækjasalur með geymslu	1	54	54	
Snyrtingar	1	3	3	57
Ýmis sameiginleg rými				
Geymsla	1	10	10	
Língeymsla	1	14	14	
Pvotta- og þurrkherbergi, fyrir fanga	2	10	20	
Pvotta- og þurrkherbergi,	1	20	20	

fangelsispvottur				
Verslun/geymsla fyrir innkaup	1	19	19	
Snyrtingar	5	5	25	108
Annað rými aðalbyggingar				
Tæknirými-viðhald	1	30	30	
Tæknirými-loftræsing	1	70	70	
Bílaínnkeyrsla við móttökueiningu	1	30	30	
Verandir á fangadeildum, undir þaki	5	16	80	
Verönd í stjórnunaraðstöðu, undir þaki	1	16	16	226
Annað rými, við eða utan aðalbyggingar				
Sorpgeymsla			30	
Bifreiða- og tækjageymsla			60	90
Samtals nettóflatarmál			m²	2356
Viðbót fyrir umferðarrými, inn- og útveggi o.fl. (%)				
Brúttóflatarmál, hámark 3700 m²			m²	

3.9 Gerð og gæði byggingar.

3.9.1 Almennt.

Miða skal við að allur frágangur byggingar og lóðar sé vistvænn, vandaður og endingargóður. Lögð er áhersla á að byggingin og lóðarhönnun falli vel að nánasta umhverfi.

Keppendur skulu gera grein fyrir efnisvali og burðarfræðilegri uppbyggingu hússins, á teikningum og í greinargerð. Taka skal tillit til hljóðvistar og sólarljóss og afstöðu þess til einstakra rýma.

Árið 2007 gáfu stjórnvöld út "Menningarstefnu í mannvirkjagerð" (Fylgiskjal G), en með henni er lagður grunnur að stefnu íslenskra stjórnvalda í byggingarlist. Opinber menningarstefna í mannvirkjagerð felur í sér samþættingu margvíslegra hagsmuna um heildarhugsun í mótun, varðveislu, uppfræðslu og framþróun manngerðs umhverfis. Hún leggur áherslu á gæði, fagmennsku og vandvirkni, staðfestir aðgát fyrir vönduðu og fallegu manngerðu umhverfi og hampar þeim virðisauka sem góð byggingarlist ber með sér fyrir samfélagið.

3.9.2 Umhverfisstefna.

Framkvæmdasýsla ríkisins gaf árið 2009 út kynningarrit um vistvænar byggingar (Fylgiskjal F) og er þar að finna upplýsingar um hugmyndafræðina á bakvið vistvæna hönnun og helstu áhersluatriði sem horfa þarf til við slíka hönnun.

Innanríkisráðuneytið hefur ákveðið að við hönnun og byggingu fangelsisins skuli vistvæn sjónarmið höfð að leiðarljósi og að byggingin skuli fá umhverfispvottun sem viðurkennd er á alþjóðavettvangi.

Innanríkisráðuneytið og Fangelsismálastofnun hafa sett væntanlegri fangelsisbyggingu eftirfarandi umhverfisstefnu. Þessari stefnu skal fylgja við hönnun fangelsisins (að samkeppni lokinni):

- Umhverfissjónarmið

Markviss landnotkun og umhverfissvænar byggingaraðferðir eru kjarninn í umhverfisstefnu verkefnisins.

- Vistvæn hönnun - Umhverfissvottun

Lögð er áhersla á að við hönnun og framkvæmdir verði neikvæðum umhverfisáhrifum haldið í lágmarki og að áhersla verði lögð á heilbrigðis- og öryggismál á verkstað. Hönnun og framkvæmd verði hagað með þeim hætti að byggingin fái umhverfissvottun samkvæmt alþjóðlegu vottunarkerfi. Skal þar miða við að lágmarki einkunnina „very good“ samkvæmt hinu breska BREEAM kerfi (eða sambærilegt í öðrum alþjóðlegum vottunarkerfum).

- Umhverfisstjórnun

Lögð er áhersla á markvissa umhverfisstjórnun við hönnun, framkvæmd og rekstur fangelsisins.

- Vistferilskostnaðargreining

Við hönnun skal vinna vistferilskostnaðargreiningu fyrir bygginguna í heild og einstaka hluta hennar eftir því sem við á, í samráði við verkkaupa. Markmiðið með slíkri greiningu er að bera saman mismunandi valkosti með tilliti til kostnaðar á vistferli (líftíma) byggingarinnar. Mikilvægt er að hefja greiningu á frumstigi hönnunar.

- Heilsa og vellíðan

Lögð er áhersla á þætti sem hafa jákvæð áhrif á heilsu og vellíðan þeirra sem dvelja og starfa í byggingunni. Í því sambandi er bent á hljóðvist, loftgæði, dagsbirtu, lýsingu og hitastýringu.

- Orka

Lögð er áhersla á að byggingin nýti orku á sem hagkvæmastan hátt. Í því sambandi er bent á að form byggingar, einangrun og efnisnotkun ásamt vöktun orkunotkunarinnar eru þættir sem hafa ber í huga til að ná þessu markmiði.

- Vatn

Stilla skal í hóf notkun á neysluvatni og vakta notkun þess. Frárennslismál svæðisins skulu leyst með vistvænum hætti.

- Byggingarefni

Efnisval skal miðast við góða nýtingu auðlinda og vistvæna valkosti í takti við gæðakröfur hverju sinni. Leitast skal við að nota byggingarefni þar sem fyrir liggja jákvæðar upplýsingar um vistspor efnanna.

- Úrgangur

Við hönnun skal miðað að því að draga úr úrgangi á framkvæmdatíma og að úrgangsstjórnun í byggingum og á lóð á rekstrartíma uppfylli framtíðarkröfur um aukna flokkun úrgangs til endurvinnslu og moltugerðar.

- Landnotkun

Hönnuður skal gera ráð fyrir að auka vistfræðilegt gildi lóðarinnar.

- Mengun

Öllum mengandi úrgangi frá framkvæmd og starfsemi fangelsisins skal fargað á viðeigandi hátt.

3.9.3 Umhverfissvottun.

Eins og fram hefur komið hefur verkkaupi ákveðið að fangelsisbyggingin fái alþjóðlega umhverfissvottun. Gert er ráð fyrir að gerð sé vottunarúttekt bæði á hönnunarstigi (að samkeppni lokinni) og eftir að framkvæmdum er lokið. Hér er miðað við vottun samkvæmt hinu breska BREEAM vottunarkerfi (eða öðru sambærilegu vottunarkerfi)

með lágmarkseinkunn „very good“ (þrjár stjörnur af fimm mögulegum), en einnig er heimilt að fá sambærilega vottun frá öðrum alþjóðlega viðurkenndum vottunarkerfum.

Ef BREEAM vottunarkerfið verður fyrir valinu fer fangelsið í svokallað BREEAM International Bespoke ferli, sem felst í því að klæðskerasníða kröfulistu með tilliti til byggingarinnar og starfseminnar í henni. Til viðmiðunar um kröfulistu má líta á UK BREEAM Prison (fylgiskjal L) sem er sérsníðin handbók fyrir fangelsi í Bretlandi. Ekki er hægt að nýta kröfulýsingarnar í þessari handbók beint þar sem þær miðast aðeins við aðstæður í Bretlandi en kröfulistinn ætti að vera að stórum hluta svipaður og fyrir fangelsi hér á landi. Verkkaupi mun hafa forgöngu um, og bera kostnað af, að kröfulistu verði klæðskerasníðin að fangelsinu, hvort heldur sem er í BREEAM eða öðru sambærilegu vottunarkerfi.

Ástæða þess að framangreint vottunarkerfi er tekið til viðmiðunar er að það hefur verið notað áður á Íslandi við hönnun nokkurra bygginga og til staðar eru íslenskir matsmenn sem hafa fengið heimild til úttekta frá umsjónaraðila kerfisins. Þessa aðila má finna á slóðinni:

<http://www.greenbooklive.com/search/companysearch.jsp?sectionid=0&partid=10001&companyName=&addressPostcode=&countryId=352&postcode=&scale=7.5&Submit=Search>

Bent er á að til þess að geta hlotið einkunnina „very good“ þarf að uppfylla nokkur lágmarksskilyrði (sjá nánar í grein 3.3 á bls. 27 í UK BREEAM Prison), en að öðru leyti skal taka mið af framangreindri umhverfisstefnu.

3.9.4 Aðgengi fyrir alla.

Tryggja skal sem best aðgengi fyrir alla innanhúss sem utan. Þetta á við einstaklinga hvort sem um er að ræða einstaklinga með hreyfihömlun, sjón- eða heyrnaskerðingu eða annað sem áhrif kann að hafa á færni. Jafnframt skal tryggja möguleika notenda til að yfirgefa bygginguna ef vá ber að höndum. Byggingin og lóð skulu uppfylla kröfur byggingareglugerðar varðandi aðgengi. Sjá einnig handbókina *Aðgengi fyrir alla* (fylgiskjal H).

3.9.5 Listskreyting.

List er mikilvægur hluti sjónrænnar örvunar. Í samræmi við lög um listskreytingarnr.46/1998 skal verja verja 1% af heildarbyggingarkostnaði opinberrar byggingar til listskreytingar hennar og umhverfis hennar. Myndlistarmenn geta verið ráðgefandi hluti af hönnunarteymi mannvirkja en æskilegt er að hlutdeild listar verði hluti af hönnun mannvirkis hvort sem það er utanhúss eða innan. Listskreyting getur verið hluti af landmótun eða útfærsla á nýtjahlutum svo sem á lýsingu, bekkjum eða öðru.

3.9.6 Hönnun lóðar.

Keppendur skulu gera tillögu um mótun og nýtingu lóðarinnar s.s. gangstígum, bílastæðum og útisvæðum fanga. Einnig skal gera grein fyrir aðgengi slökkviliðs og sjúkrabíla.

Keppendur skulu gera grein fyrir lóðarhönnun og aðkomu að lóðinni, sýna fyrirkomulag útisvæða fanga, bílastæða og gönguleiða. Útivistarsvæði fanga skal hanna skv. framsettum kröfum í greinum „3.7.2.2 Afmörkun og lokun“, „3.7.3.8 Frístundaaðstaða“ og „3.7.3.4.2 Kvennadeild“.

Staðsetning aðkomu frá Hafravatnsvegi og bílastæði fyrir starfsmenn og gesti er frjálss milli ytri girðingar og fangelsisgirðingar.

Þá er gert ráð fyrir flokkun sorps í gámum í skýli (stakstæðu eða áföstu húsi) innan girðingar á lóðinni.

3.10 Kostnaðarviðmið.

Ekki er ætlast til að keppendur skili inn kostnaðaráætlun með tillögum sínum, en á dómsstigi verða þær tillögur, sem að mati dómnefndar koma til álita, stærðar- og kostnaðarreiknaðar.

Verkkaupi gerir ráð fyrir að verktakakostnaður (greiðslur til verktaka á framkvæmdastigi) við bygginguna verði um 400 þúsund kr/m² (verðlag júlí 2011) og skulu keppendur halda sig innan þess ramma. Ofangreind tala á við um beinan verktakakostnað byggingar án lóðarfrágangs, girðinga og hliða. Hönnun, umsjón og eftirlit, opinber gjöld og búnaður er ekki inni í ofangreindum tölum.

Keppendur skulu sýna kostnaðargát og er miðað við að allur frágangur byggingarinnar og lóðar hennar sé vandaður og viðhaldskostnaður í lágmarki.

Athygli er vakin á að verkkaupi hefur ákveðið að fangelsisbyggingin skuli fá umhverfisvottun skv. hinu breska BREEAM-vottunarkerfi. Sjá texta í grein „3.8.3 Umhverfisvottun“ Mun vinna vegna þessa fara fram að samkeppni lokinni.

Tillagan skal uppfylla öll skilyrði, sem lýst er í samkeppnislýsingu þessari, fylgja húsrýmisáætlun, uppfylla tæknilegar kröfur, o.s.frv. Í tillögunni skal gera grein fyrir frágangi byggingarinnar, þ.e. efnisvali, frágangi utanhúss, frágangi gólfa, lofta og veggja innanhúss, loftræstingu, lagnakerfi, frágangi lóðar og bílastæða og öðru því sem getur haft áhrif á kostnaðarmat dómnefndar og ráðgjafa hennar.

4 VERK Í KJÖLFAR SAMKEPPNI.

4.1 Hönnunar- og framkvæmdatími.

Gert er ráð fyrir að fylgja eftirfarandi tímaáætlun:

Úrslit samkeppninnar kynnt

Sjá kafla 1.5 Lykildagsetningar

Hönnun lokið og útboðsgögn tilbúin

fyrri hluta árs 2013

Framkvæmdir hefjast

vor 2013

Framkvæmdum lokið og bygging tekin í notkun

vor 2015

Almennur fyrirvari er gerður vegna fjárveitinga til verksins.

4.2 Hagnýting keppnistillagna.

Verkkaupi stefnir að því að ganga til samninga við höfunda þeirrar tillögu sem dómnefnd mælir með til áframhaldandi hönnunar á húsinu. Hönnunarteymið skal skipað arkitektum og verkfræðingum auk annarra sérfræðinga sbr. landslags-, hljóðvistar- og lýsingarhönnuðum, sérfræðingum um vistvæna hönnun og viðurkennda matsaðila sem er vottaður af BREEAM eða sambærilegu vottunarkerfi.

Dómnefnd mun í dómnefndaráli með niðurstöðum samkeppninnar gera umsögn um allar tillögur. Að auki verður fjallað sérstaklega um kosti fyrstu verðlaunatillögu og þau atriði sem dómnefnd telur nauðsynlegt að endurskoða við útfærslu tillögunnar. Við gerð hönnunarsamnings verða þessi atriði tekin til skoðunar og ákveðið hvaða áhrif þau munu hafa á fullnaðarhönnun verksins.

Verkkaupi öðlast afnotarétt af verðlaunuðum og viðurkenndum tilögum, með þeim takmörkunum sem höfundarlög setja.

4.3 Þóknun hönnuða, samningur.

Verkkaupi fer fram á að vinningshafi myndi teymi um heildarhönnun byggingarinnar áður en samið er um hönnunina sbr. grein 4.2.

Verkkaupi hefur, í samráði við AÍ, ákveðið að í þessari samkeppni verði hafður sá háttur á að sest verði að samningaborði með þeim aðila sem hlýtur fyrstu verðlaun í samkeppninni og samið um hönnunarpóknunina. Verkkaupi setur þó þann fyrirvara að ef samningar nást ekki, þá getur hann leitað til þeirra aðila sem fengu önnur verðlaun í samkeppninni og samið við þá um útfærslu á sinni tillögu. Einn samningur verður gerður við allt hönnunarteymið og skal teymið koma sér saman um hönnunarstjóra verksins og mun hann sjá um alla samræmingu á gögnum hönnuða.

4.4 Trygging hönnuða.

Verði ekkert af fyrirhuguðu verkefni, af óviðráðanlegum orsökum, skal verkkaupi greiða verðlaunahöfundum, eða þeim hönnuðum sem samið hefur verið við um verkið, jafnvirði verðlaunaupphæðar tillögunnar í bætur.


5 SAMÞYKKI SAMKEPPNISLÝSINGAR.

Keppnislýsing þessi og samningur milli AÍ og Innanríkisráðuneytisins er grundvöllur samkeppninnar.

Keppnislýsingin er samþykkt af verkkaupa og dómnefndarfulltrúum.


Reykjavík 02.01.2012

Fyrir hönd Innanríkisráðuneytisins

A handwritten signature in blue ink, written over a horizontal line. The signature is stylized and appears to be 'Jón Magnússon'.

Með undirritun sinni lýsa dómnefndarfulltrúar því yfir að þeir muni dæma eftir ákvæðum keppnislýsingarinnar.


Dómnefnd:



Steinunn Valdís Óskarsdóttir, formaður



Páll E. Winkel



Pétur Örn Björnsson



Gylfi Guðjónsson



Hildur Gunnarsdóttir

6 UMSÖGN ARKITEKTAFÉLAGS ÍSLANDS.

Arkitektafélag Íslands hefur yfirlit og fjallað um kafla 1, 2 og 4 þessarar samkeppnislýsingar og gerir engar athugasemdir við hana.

F.h. Arkitektafélags Íslands



Logi Már Einarsson, formaður